

Sp.

1071. Skýrsla

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1983.

(Lögð fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

Efnisyfirlit

I. INNHEIMTA TEKNA

1.1. MARKAÐAR TEKJUR

- 1.1.0. Bifreiðainnflutningur
- 1.1.1. Bensíngjald
- 1.1.2. Pungaskattur
- 1.1.3. Veggjald
- 1.1.4. Gúmmígjald

1.2. RÍKISFRAMLAG

1.3. LÁNSFJÁRÖFLUN

1.4. GREIÐSLA VAXTA OG AFBORGANA

II. SKIPTING ÚTGJALDA

2.0. VERÐHÆKKANIR OG GREIÐSLUHALLI Á VEGÁÆTLUN

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

- 2.1.0. Starfsmannahald
- 2.1.1. Skrifstofukostnaður
- 2.1.2. Tæknilegur undirbúningur
- 2.1.3. Umferðartalning og eftirlit
- 2.1.4. Eftirlaunagreiðslur

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

- 2.2.1. Sumarviðhald
 - 2.2.1.1. Viðhald malarvega
 - 2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi
 - 2.2.1.3. Viðhald brúa
 - 2.2.1.4. Viðhald varnargarða
 - 2.2.1.5. Heflun vega
 - 2.2.1.6. Rykbinding
 - 2.2.1.7. Vinnsla efnis
 - 2.2.1.8. Vatnaskemmdir
 - 2.2.1.9. Vegmerkingar
- 2.2.2. Vetrarþjónusta
- 2.2.3. Yfirlit um viðhald þjóðvega og skiptingu þess

2.3. TIL NÝRRRA ÞJÓÐVEGA

- 2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaf framkvæmda
 - 2.3.0.1. Föst lán til vegaf framkvæmda
 - 2.3.0.2. Bráðabirgðalán til vegaf framkvæmda
 - 2.3.0.3. Önnur lán til vegaf framkvæmda
 - 2.3.0.4. Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun
 - 2.3.0.7. Yfirlit um framkvæmdir skv. vegáætlun
 - 2.3.1.1. Almenn verkefni
 - 2.3.1.2. Bundin slitlög

- 2.3.1.3. Sérstök verkefni
- 2.3.1.4. Ó-vegir
- 2.3.2. Til þjóðbrauta
- 2.3.3. Til bundinna slitlaga á þjóðvegi í kaupstöðum og kaптúnunum
- 2.3.4. Girðingar og uppgræðsla
- 2.4. TIL BRÚAGERÐA
 - 2.4.1. Til brúa 10 m og lengri
 - 2.4.2. Til smábrúa
- 2.5. TIL FJALLVEGA O. FL.
 - 2.5.1. Til aðalfjallvega
 - 2.5.2. Til annarra fjallvega
 - 2.5.3. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum
 - 2.5.4. Bláfjallavegur, Suðurlandsvegur-Hafnarfjörður
 - 2.5.5. Til reiðvega
- 2.6. TIL SÝSLUVEGA
 - 2.7. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAPTÚNUM
 - 2.8. TIL VÉLAKAUPA OG ÁHALDAHÚSA
 - 2.8.1. Vélakaup
 - 2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa
- 2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ
- 3.1. SÉRSTÖK VERKEFNI
 - 3.1.1. Ódýr slitlög
 - 3.1.2. Hagræðing
- 4.1. YFIRLIT YFIR FJÁRMAGN TIL VEGAMÁLA
 - 4.1.1. Útgjöld til vegamála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu
 - 4.1.2. Heildarútgjöld til vegamála 1964-1983
 - 4.1.3. Heildarkostnaður við sumarviðhald og vetrarþjónustu
 - 4.1.4. Kostnaður við sumarviðhald 1965-1983
 - 4.1.5. Kostnaður við vetrarþjónustu 1965-1983
 - 4.1.6. Nýbygging vega, brúa og fjallvega 1964-1983
- Fylgiskjöl.**
 - 1.1.0.-1. Markaðir tekjustofnar
 - 2.1.3.-1. Umferðartalning 1983, suðvesturland
 - 2.1.3.-2. Umferðartalning 1983, norðvesturland
 - 2.1.3.-3. Umferðartalning 1983, norðausturland
 - 2.1.3.-4. Umferðartalning 1983, suðausturland
 - 2.3.0.-1. Þjóðvegir 1. janúar 1983
 - 2.3.0.-2. Þjóðvegir og sýsluvegir 1. janúar 1983
 - 2.3.1.1.-1. Stofnbrautir — almenn verkefni
 - 2.3.1.2.-1. Stofnbrautir — bundin slitlög
 - 2.3.1.3.-1. Stofnbrautir — sérstök verkefni
 - 2.3.1.4.-1. Ó-vegir
 - 2.3.2.1. Þjóðbrautir
 - 2.4.1.-1. Brýr 10 m og lengri
 - 2.5.1.-1. Aðalfjallvegir

I. INNHEIMTA TEKNA

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins voru innheimtar tekjur vegasjóðs 31. desember 1983 sem hér segir:

	Samkvæmt vegáætlun m.kr.	Rauntekjur pr. 31.12.83 m.kr.	Mismunur m.kr.
1.1.1. Bensíngjald:	480,0	473,8	-6,2
Brúttótekjur		474,3	
Endurgreiðslur		-0,5	
1.1.2. Pungaskattur:	195,0	204,1	9,1
Km-gjald		171,8	
Árgjald		32,3	
1.1.3. Veggjald	109,0		-109,0
1.1.4. Gúmmígjald	0	1,1	1,1
Samt. 1-4.	784,0	679,0	105,0
1.2. Ríkisframlag	20,4	138,5	114,1
1.3. Lánsfé	244,6	244,6	
Samt. 1-3.	1 049,0	1 062,1	9,1

Í fylgiskjali 1.-1. er sýnd gjaldskrá markaðra stofna Vegagerðarinnar 1. febr. 1984.

1.1. MARKAÐAR TEKJUR.

1.1.0. Bifreiðainnflutningur.

Á árinu 1983 voru fluttar inn 5 860 bifreiðar og er það 4 620 bifreiðum færri en árið áður.

Mest var flutt inn af fólksbifreiðum eða alls 5 216. Innflutningur vörubifreiða var alls 413, þar af 91 með yfir 10 tonna leyfðum heildarþunga. Sendibifreiðar voru 396 og sérsníðaðar bifreiðar til ýmissa verkefna 68. Áætlað er, að bifreiðaeign í lok árs 1983 hafi verið orðin um 109 500 bifreiðar. Fjölgun frá árinu áður er um 2,9%.

Sundurliðaðar tölur um fjölda bifreiða á landinu 1. janúar 1984 liggja ekki enn fyrir, en 1. janúar 1983 var skiptingin eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

Tegund bifreiðar	Bensín	Dísel	Alls	Br. frá 1982
Fólksbifreiðar	90 644	4 084	94 728	5,0%
Alm. bifreiðar	387	869	1 259	4,8%
Vörubifreiðar	5 168	5 307	10 475	10,5%
	96 199	10 260	106 459	5,5%

1.1.1. Bensíngjald

Bensínsala á tekjuárinu 1983 varð 124,0 m. ltr., en það er 2,3% minnkun frá árinu áður. Ef hins vegar er miðað við meðaleyðslu á bifreið, þá er hún 6,1% minni en árið áður eða 1270 ltr. á móti 1353 árið 1982.

Bensínverð hækkaði á árinu 1983 úr 13,80 kr. í 22,30 kr./ltr. Bensíngjald sem rennur í vegasjóð var hækkað fjórum sinnum á árinu fyrst 3. mars í 3,40 og síðan 7. júní í 4.03, þá 12. júlí í 4,77 og loks 20. okt. í 5,08 kr/ltr.

Ár	Bensínsala m.ltr.	Meðaleyðsla ltr.	Verð á ltr. 31.12.	Skattar alls kr./ltr.	Bensíngjald kr./ltr.
1971	77,5	1 756	0,16	0,108	0,079
1972	84,9	1 745	0,16	0,108	0,079
1973	95,1	1 757	0,26	0,161	0,099
1974	104,4	1 736	0,49	0,307	0,160
1975	103,6	1 623	0,60	0,350	0,160
1976	104,5	1 616	0,80	0,449	0,186
1977	114,4	1 685	0,93	0,533	0,233
1978	121,5	1 662	1,81	1,055	0,484
1979	119,3	1 512	3,70	1,994	0,709
1980	118,8	1 412	5,95	3,275	1,237
1981	121,1	1 359	8,45	4,640	1,700
1982	126,9	1 353	13,80	7,800	3,060
1983	124,0	1 270	22,30		5,080

1.1.2. Þungaskattur.

Heildartekjur af þungaskatti voru 204,1 m. kr., sem skiptast þannig, að tekjur af km-gjaldi voru 171,8 m. kr. og af árgjaldi 32,3 m. kr. Mælagjald er nú innheimt af díselbílum, sem eru að heildarþyngd 4 tonn og meir. Eigendum minni bíla er hins vegar heimilt að velja á milli innheimtu samkvæmt km-gjaldi eða föstu árgjaldi.

Þungaskattur díselbíla er nú innheimtur af um 9 000 bifreiðum. Áætlað er að um 6 400 greiði eftir mæli, en um 2 600 fast árgjald. Þar af er áætlað að um 2 000 bílar séu í eigu bændna, sem fá 50% afslátt.

1.1.3. Veggjald.

Gert var ráð fyrir að lagður yrði á nýr skattur, veggjald sem háð væri þyngd bíla, og ætti að gefa í tekjur 109 m. kr.

Gjaldið náði ekki fram að ganga á Alþingi, en ríkisstjórnin ákvað að bæta þann tekjumissi, sem yrði umfram það er innheimtist af mörkuðum tekjum 1983.

1.1.4. Gúmmígjald.

Tekjur af gúmmígjaldi, sem er 45 kr. á hvert kg af innfluttu gúmmí, urðu 1,1 m. kr. Gert var ráð fyrir að gúmmígjald yrði fellt niður með tilkomu veggjalds en af því varð ekki.

1.2. RÍKISFRAMLAG.

Ríkisframlag var í vegáætlun 1983 20,4 m. kr., en er hér hækkað um 114,1 m. kr., sem eru verðbætur á launalið stjórnar og undirbúnings að upphæð 2,1 m. kr. og aukafjárveiting til snjómoksturs vegna kosninga 7,0 m. kr. og viðbótarríkisframlag vegna veggjalds (Sjá 1.1.3.)

1.3. LÁNSFJARÖFLUN.

Lánsfjáröflun önnur en bráðabirgðalán og vinnulán námu 244,6 m. kr. skv. vegáætlun. Þar af fóru 193,2 m. kr. til almennra framkvæmda og 51 m. kr. til Ó-vega.

1.4. GREIÐSLA VAXTA OG AFBORGANA.

Auk fjárframlaga til framkvæmda skv. vegáætlun sem frá er greint hér að framan var veitt framlag úr ríkissjóði til að standa undir greiðslu vaxta og afborgana af langtímalánum til framkvæmda sem tekin hafa verið af B-hluta.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

Samkvæmt fjárlögum var heildarfjármagn til vegamála árið 1983 samtals 837 740 þús. kr. (að frádregnum styrkjum til að greiða fyrir vetrarsamgöngum 260 þús. kr.).

Eins og kunnugt er afgreiddi Alþingi enga vegáætlun fyrir árið 1983 en þess í stað var unnið að vegaframkvæmdum í samræmi við breytingartillögu fjárveitinganefndar (191. mál) við tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árið 1983—1986. Samkvæmt henni var heildarfjármagn til vegamála 1 049 000 þús. kr. Hætt var við innheimtu veggjalds að upphæð 109 000 þús. kr., sem gert var ráð fyrir í breytingartillögunni, en í stað þess veitt aukafjárveiting úr ríkissjóði að upphæð samtals 108 740 þús. kr.

Sérstök aukafjárveiting kom úr ríkissjóði að upphæð 13 923 þús. kr. til að standa undir vöxtum og afborgunum af lánum úr Bygðasjóði eins og frá er greint í kafla 2.3.0.3.

Veitt var aukafjárveiting úr ríkissjóði að upphæð 7 000 þús. kr. til að mæta kostnaði við snjómokstur vegna Alþingiskosninganna, sem fram fóru 23. apríl 1983.

Einnig var veitt 2 100 þús. kr. aukafjárveiting vegna hækkunar fastra launa árið 1982 umfram forsendur fjárlaga það ár, en í áliti meirihluta fjárveitinganefndar Alþingis með tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1981—1984 var gert ráð fyrir að hækkun umfram þetta mark yrði bætt úr ríkissjóði.

Loks voru veittar aukafjárveitingar til greiðslu á halla vegna vetrarþjónustu á árunum 1982—1983 að upphæð samtals 22 300 þús. kr., sem ekki verða greiddar Vegagerð ríkisins fyrr en á árinu 1984 og eru því ekki taldar með í yfirlitinu hér á eftir.

Í eftirfarandi töflu er sýnt hvernig ofangreint fé skiptist milli einstakra liða í vegáætlun.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

Upph. í þús. kr.

	Fjárlög 1982	Vegáætlun (191. mál)	Auka- fjár.
2.1. Stjórn og undirbúningur:	46 900	52 200	2 100
1. Skrifstofukostnaður		20 200	
2. Tæknilegur undirbúningur		26 200	
3. Umferðartalning og vegaeftirlit		2 600	
4. Eftirlaunagreiðslur		2 200	
2.2. Viðhald þjóðvega:	354 100	407 100	7 000
1. Sumarviðhald			
1. Viðhald malarvega		99 000	
2. Viðhald vega með bundnu slitlagi		55 900	
3. Viðhald brúa			
4. Viðhald varnargarða		15 000	
5. Heflun vega		51 800	
6. Rykbinding		18 100	
7. Vinnsla efnis		48 500	
8. Vatnask. og ófyrirséð		11 300	
9. Vegmerkingar		2 400	
2. Vetrarviðhald		105 100	

II. SKIPTING ÚTGJALDA

Upph. í þús. kr.

	Fjárlög 1982	Vegáætlun (191. mál)	Auka- fjárþ.
2.3. Til nýrra þjóðvega	328 940	436 500	
1. Stofnbrautir			
1. Stofnbrautir almennt		126 400	
2. Bundin slitlög		98 700	
3. Sérstök verkefni		94 300	
4. Framlög til Ó-vega		51 000	
2. Þjóðbrautir		54 100	
3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kaптúnum		5 000	
4. Girðingar og uppgræðsla		7 000	
2.4. Til brúagerða:		35 000	
1. Brýr 10 m og lengri		28 100	
2. Smábrýr		6 900	
2.5. Til fjallvega o. fl.	10 000	12 200	
1. Aðalfjallvegir		2 200	
2. Aðrir fjallvegir		2 400	
3. Þjóðgarðavegir o. fl.		2 200	
4. Bláfjallavegur		5 100	
5. Reiðvegir		300	
2.6. Til sýsluvega	27 500	27 800	
2.7. Til vegna í kaupstöðum og kaптúnum	61 000	68 000	
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa	6 500	7 200	
2.9. Til tilrauna	2 800	3 000	
Samtals	837 740	1 049 000	9 100
Til greiðslu vaxta og afborgana af B-hluta lánum vegna vegagerða			13 923
Samtals	837 740	1 049 300	23 023

2.0. VERÐHÆKKANIR OG GREIÐSLUHALLI Á VEGÁÆTLUN.

Pegar vegáætlun 1983 var til endanlegrar afgreiðslu lá fyrir ákveðin spá um þróun verðlags á árinu. Meðalhækkun verðlags milli 1983 og 1982 var á grundvelli hennar áætluð 65%. Raunverulegar verðhækkanir urðu nokkru meiri eins og eftirfarandi tafla sýnir (hækkun frá ágúst 1982).

	Viðhald	Vegagerð	Brúagerð
Vísitala í vegáætlun	65,0%	65,0%	65,0%
Vísitala í ágúst 1983	93,5%	92,4%	76,5%
Frávik	17,3%	16,6%	6,8%

Nokkur halli varð á vetrarviðhaldi á árinu 1983 eða um 13,2 m. kr. Sjá nánar kafla 2.2.2. Heildarkostnaður varð 136,9 m. kr. og er það langt umfram meðaltal.

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR.

2.1.0. Starfsmannahald.

Um s. l. áramót voru ársmenn hjá Vegagerð ríkisins 455 í 449 stöðugildum en voru 461 um áramótin 1982—1983. Af þessum 455 eru 154 starfsmenn á kjörum opinberra starfsmanna í 149 stöðugildum, en heimiluð stöðugildi eru 150.

Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 1983 nam 593 manna árum en var 603 árið 1982. Heildarvinnuframlag á árinu 1983 nam 830 manna árum og hafði lækkað úr 860 árið 1982. Launagreiðslur voru 183,2 milljónir kr. á árinu 1983 og launatengd gjöld um 17,0 m. kr.

Auk framangreindra starfsmanna störfuðu meira og minna 550 vörubílstjórar með eigin bifreiðar hjá Vegagerð ríkisins yfir framkvæmdatímann og voru greiðslur til þeirra á árinu 1983 146,7 m. kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna um s. l. áramót, sundurgreint eftir umdæmum og starfsstéttum.

Fastir starfsmenn 31. desember 1983.

	Reykja- vfk	Subur- land	Reykja- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur- land	Samtals des. 1983
Skrifstofa, yfirstjórn	24	2		3	2	2	4	2	39
Tæknilegur undirbúningur	34	5	5	6	6	5	6	5	72
Vegaeftrítt	7								7
Starfsm. áhaldah. skv. lífl. BSRB	13	1					1	1	16
Iðnlærðir verkstjórar	8	1	7	4	2	3	5	4	27
Verkstjórar	2	8		11	8	6	11	12	65
Iðnaðarmenn	26	1		6	2	3	7	5	50
Vélamenn	13	10	8	20	14	11	20	15	111
Verkamenn	13	8	1	8	5	6	9	6	56
Ráðskonur, matráðskonur	6	1		1		1	2	1	12
Fastir starfsmenn í desember 1983	146	37	21	59	39	37	65	51	455
Fastir starfsmenn í desember 1982	150	42	21	61	38	35	68	46	461
Fastir starfsmenn í desember 1981	155	38	22	60	35	35	66	48	459
Fastir starfsmenn í desember 1980	151	36	28	57	32	36	61	49	450
Fastir starfsmenn í desember 1979	161	37	27	56	32	28	59	51	451
Fastir starfsmenn í desember 1978	177	32	27	54	29	26	61	46	452
Fastir starfsmenn í desember 1977	188	31	27	57	29	25	67	46	470
Fastir starfsmenn í desember 1976	182	30	27	65	27	25	71	47	474

2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Til þessa liðar telst kostnaður vegna yfirstjórnar Vegagerðarinnar í Reykjavík svo og bókhaldsskrifstofa í umdæmum, sem eru nú á eftirtöldum stöðum: Selfossi, Borgarnesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri og Reyðarfirði. Þessar skrifstofur sjá um undirbúning og frágang skjala vegna bókhalds- og launavinnslu viðkomandi svæðis. Úrvinnsla gagna fer hins vegar fram í Reykjavík hjá SKÝRR, en umdæmi fá síðan sent til baka bókhaldsútskriftir, sem varða viðkomandi svæði. Með þessu móti er reynt að færa bókhaldið sem næst þeim, sem verkin vinna og ábyrgð bera, þannig að kostir þess sem stjórnækis nýtist sem best.

Á síðast liðnu ári var hafinn undirbúningur að því að bæta tölvuþjónustu við öflun þeirra upplýsinga sem bókhald Vegagerðarinnar veitir með því að taka í notkun svo nefnt sívinnslukerfi. Standa vonir til að það komi að fullum notum á árinu 1984.

Fjárveiting í vegáætlun var 20,2 m. kr., en auk þess voru launahækkanir á árinu 1982 bættar úr ríkissjóði með aukafjárveitingu að upphæð 2,1 m. kr.

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur.

Fjárveiting var 26,2 m. kr. og var henni varið til undirbúnings framkvæmda, einkum þeirra, sem ekki höfðu fjárveitingu á árinu. Var hér um að ræða mælingar, kortagerð og ýmsar rannsóknir auk hönnunarvinnu og annars tæknilegs undirbúnings. Að nokkru var hér um áframhald vinnu frá fyrra ári að ræða.

Þá hefur einnig verið unnið að gerð langtímaáætlunar um vegagerð í samræmi við þingsályktun sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

2.1.3. Umferðartalning og eftirlit.

Fjárveiting var 3,6 m. kr.

A. Talning umferðar.

Umferðartalning fór fram eftir skipulagi, sem unnið hefur verið eftir í meginatriðum síðan 1975.

Talin var umferð allt árið á 54 stöðum um land allt. Auk þess var gerð viðtæk könnun á sumarumferð á Vesturlandi og Vestfjörðum.

Heildarumferð á þjóðvegum minnkaði um 3% að meðaltali yfir allt árið en sumarumferðin minnkaði um 2%.

Umferð minnkaði um sunnan- og vestanvert landið frá 4—10%. Mest varð minnkunin á Vestfjörðum 10%.

Umferðaraukning á bilinu 4—6% varð hins vegar um norðan- og austanvert landið. Mest varð aukningin 6% á Austurlandi.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir dreifingu ársumferðar á vegakerfinu.

Á fylgiskjöllum 2.1.3. 1—4 eru talningarstaðir sýndir ásamt umferðartölum á hverjum stað.

Auk hinnar hefðbundnu umferðartalningar var unnið að greiningu umferðar eftir stefnum og gerð ökutækja á ýmsum veigamiklum vegamótum í vegakerfinu.

Haldið var áfram söfnun upplýsinga um umferðarhraða á þjóðvegum.

B. Athugun á umferðarslysum.


Safnað var upplýsingum um umferðarslys á þjóðvegum (að þjóðvegum í þéttbýli undanskyldum), sem um var gerð lögregluskýrsla á árinu 1983.

Úrvinnsla á athugun þessari stendur yfir.

Þegar liggur þó fyrir, að sá vegur, sem hefur verið með flest slys á undanföllum árum, Hafnarfjarðarvegur, er með nánast óbreytta slysatíðni þrátt fyrir um 9% fækkun slysa, sem skýrist með minnkun umferðar á veginum á árinu.

Athyglisvert er, að þeir kaflar, sem endurbyggðir eða lagfærðir hafa verið á undanförunum árum, þ. e. a. s. frá Kópavogslæk að Engidal eru nú með mjög verulega fækkun slysa, eða úr 108 í 76 slys, en hinir tveir, þ. e. a. s. frá Fossvogslæk að Kópavogslæk og frá Engidal að Flatahrauni eru með talsverða aukningu slysa.

Ráðgerð er mjög veruleg lagfæring á vegamótum Hafnarfjarðarvegur og Flatahrauns á þessu ári auk þess sem fyrirhugaðar eru aðgerðir vegna nánast dagvissrar umferðarteppu á Hafnarfjarðarvegi/Kringlumýrarbraut í Fossvogi.



2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrv. vegaverkstjóra og verkamanna sem starfað höfðu áratugum saman hjá Vegagerðinni, einnig til ekkna þessara aðila, voru áætlaðar 2,2 m. kr. en urðu 1,8 m. kr., þar sem eftirlaunaþegar urðu nokkru færri en áætlað var. Ein ekkja og einn fyrrverandi verkamaður létust á árinu, en enginn nýr eftirlaunaþegi bættist við. Alls nutu því 10 fyrrv. vegaverkstjórar, 19 ekkjur og 7 fyrrv. verkamenn eftirlauna í árslok eða samtals 36 á móti samtals 38 í árslok 1982.

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA.

	Fjárveiting m.kr.
Sumarviðhald	302,0
Vetrarviðhald	112,0
Samtals	414,0

2.2.1. Sumarviðhald.

Sumarviðhaldi vega er skipt á eftirfarandi liði:

Sumarviðhald	Fjárveiting m.kr.
1. Viðhald malarvega	99,0
2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	55,9
3. Viðhald brúa	13,2
4. Viðhald varnargarða	1,8
5. Heflun vega	51,8
6. Rykbinding	18,1
7. Vinnsla efnis	48,5
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	11,3
9. Vegmerkingar	2,4
Samtals	302,0


Í meðfylgjandi töflu er viðhaldskostnaður vega árin 1973—83 tilgreindur og jafnframt færður til verðlags 1983, lengd akfærra þjóðvega, viðhaldskostnaður í hvern km, bílafjöldi í ársbyrjun viðkomandi árs og áætlaður fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum í millj. km. Í síðasta dálki töflunnar er síðan viðhaldskostnaður á hvern ekinn km. Þær tölur eru einnig sýndar á meðfylgjandi súluriti.

Ár	Viðhaldskostn. m.kr.	Vísitala viðhaldskostn.	Viðhaldsk. verðlags 1983 m.kr.	Lengd akfærra þjóðvega km	Viðhaldsk. pr. km verðl. 1983 þús.kr.	Bílafjöldi í ársbyrjun	Ekknir km. á öllum þjóðvegum m.km.	Viðhaldsk. pr. 100 ekna km verðl. '83 kr.
1973	3,34	14,2	250,26	8 104	30,88	57 155	371	67,46
1974	6,80	22,7	318,73	8 211	38,82	63 189	395	80,69
1975	8,40	37,1	240,91	8 336	28,90	71 364	420	57,36
1976	11,72	47,7	261,43	8 336	31,36	71 459	420	62,25
1977	14,37	67,5	226,51	8 336	27,17	73 410	449	50,45
1978	26,55	100,0	282,49	8 409	33,59	78 481	450	62,78
1979	39,47	145,0	289,63	8 406	34,46	84 141	449	64,50
1980	63,63	228,0	296,94	8 409	35,31	90 015	472	62,91
1981	95,70	351,0	290,10	8 411	34,49	95 606	485	59,81
1982	180,63	550,0	349,44	8 306	42,07	100 936	500	69,89
1983	288,21	1 064,0	288,21	8 277	34,82	106 459	485	59,42

SUMARVIÐHALD Á HVERJA

EKNA 100 KM.

Á verðlagi 1983




Eins og undanfarin ár var lögð mikil áhersla á, að sem minnst af viðhaldsfé færi í vorviðgerðir, en sem mest til viðhalds og endurbóta á vegum.

Lögð var áhersla á að reyna að koma í veg fyrir vorskemmdir með því að hafa eftirlit með öxulþunga bifreiða og takmarka hann, þar sem nauðsyn krafði, en engu að síður urðu nokkrar vorskemmdir á vegum víðs vegar um land.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir þær öxulþunga takmarkanir, sem settar voru síðastliðið vor.

TAÐMARKANIR ÖXULPUNGA VEGNA AURBLEYTTU
 Á HELSTU ÞJÓÐVEGUM LANDSINS VORIÐ
 1983



Í meðfylgjandi töflu er sýndur km-fjöldi þjóðvega í hverjum umferðarflokki (júni-sept.).

Gerður er greinarmunur á malar slitlagi og bundnu slitlagi. Einnig er sýnt hve eknir eru margir km í hverju kjördæmi, hvernig þeir skiptast eftir slitlögum og hve stór hluti þeir eru af heildarakstrinum.

Gerð slit- lags	Sumardagsumferð, bílar á dag árið 1983																Ársumferð												
	50- 100		100- 200		200- 300		300- 500		500- 750		750- 1000		1000- 1500		1500- 2000		2000- 3000		3000- 5000		5000- 10000		Yfir 10000		% Skipting				
	km	%	km	%	km	%	km	%	km	%	km	%	km	%	km	%	km	%	km	%	km	%	km	%		%			
Kjördæmi	Kílómetrar vegna í hverjum umferðarflokki																												
Suðurland	463	1	0	13	14	35	55	3	37	14	27	8	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1 358	38,9	40,9	8,0
Bundið	464	256	332	197	149	76	3	39	14	27	8	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1 207	56,2	59,1	11,6
Samt.	21	71	134	238	389	609	931	1 093	1 616	2 738	3 435	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	250	95,1	100,0	19,6
Meðalt. bílar/dag	8	56	43	23	17	13	0	21	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	183	15,1	9,2	3,1
Reykjanes	3	0	9	5	9	8	1	48	8	13	46	18	5	173	149,1	90,8	30,7												
Bundið	11	56	52	28	26	21	1	69	8	13	48	18	5	356	164,2	100,0	33,8												
Samt.	42	80	152	239	369	670	823	1 241	1 534	2 106	3 692	6 306	20 652	1 559															
Meðalt. bílar/dag	366	337	343	101	90	28	19	19	0	0	0	0	0	0	1 303	46,5	76,5	9,6											
Vesturland	0	0	1	6	8	13	17	25	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	71	14,3	23,5	2,9	
Bundið	366	337	344	107	98	41	36	44	0	1	0	0	0	0	1 374	60,8	100,0	12,5											
Samt.	26	74	149	244	385	571	911	1 210	0	2 192	0	0	0	0	191														
Meðalt. bílar/dag	533	482	188	4	28	6	0	0	0	0	0	0	0	0	1 241	19,8	77,9	4,1											
Vestfirðir	0	1	24	10	4	4	3	0	3	2	0	0	0	0	51	5,6	22,1	1,2											
Malar	533	483	212	14	32	10	3	0	3	2	0	0	0	0	1 292	25,4	100,0	5,3											
Bundið	27	74	140	248	384	552	752	0	1 541	2 530	0	0	0	88															
Samt.	352	257	131	75	96	68	1	0	0	0	0	0	0	0	980	31,2	74,3	6,4											
Meðalt. bílar/dag	0	0	0	2	31	60	0	0	0	0	0	0	0	0	93	10,8	25,7	2,2											
Norðurl. ve.	352	257	131	77	127	128	1	0	0	0	0	0	0	0	1 073	42,0	100,0	8,6											
Malar	20	72	134	248	409	581	945	0	0	0	0	0	0	0	176														
Bundið	263	250	213	148	167	58	0	4	2	0	0	0	0	0	1 105	38,8	71,3	8,0											
Samt.	0	0	0	13	12	30	18	3	5	0	0	0	0	0	84	15,7	28,7	3,2											
Meðalt. bílar/dag	263	250	213	161	179	88	18	7	7	0	3	0	0	0	1 189	54,5	100,0	11,2											
Norðurl. ey.	29	75	150	244	362	608	825	1 231	1 801	0	0	0	0	0	221														
Malar	447	191	438	220	54	2	0	0	0	0	0	0	0	0	1 352	35,5	82,4	7,3											
Bundið	1	0	11	4	44	9	4	3	0	0	0	0	0	0	76	7,6	17,6	1,6											
Samt.	448	191	449	224	98	11	4	3	0	0	0	0	0	0	1 428	43,1	100,0	8,9											
Meðalt. bílar/dag	24	74	137	241	359	608	870	1 210	0	0	0	0	0	0	132														
Austurland	2 432	1 829	1 675	754	566	196	20	46	2	0	0	0	0	0	7 522	225,8	46,6												
Malar	5	1	58	54	143	179	46	116	30	43	57	18	5	755	259,3	53,4													
Bundið	2 437	1 830	1 733	808	709	375	66	162	32	43	59	18	5	8 277	485,1	100,0	100,0												
Samt.	24	73	141	242	380	597	878	1 196	1 629	2 522	3 662	6 306	20 652	237															
Meðalt. bílar/dag	24	73	141	242	380	597	878	1 196	1 629	2 522	3 662	6 306	20 652	237															

2.2.1.1. Viðhald malarvega.

Í þessum lið er kostnaður við endurnýjun ræsa, umferðarmerkja og stika, malarslitlags, skurðgröft, rásagerð, eftirlit og fleira.

Til mölburðar var varið 65,6 m. kr., en það var um 30,5% af heildarkostnaði sumarviðhalds.

Eftirfarandi tafla sýnir lengd vega, sem malarslitlag var endurnýjað á 1983 ásamt fjölda rúmmetra sem ekið var í vegina.

Mölburður 1983.

Umdæmi	Óunnið efni				Unnið efni				Samt.	mölburður			
	km	m ³	m ³ /m	Meðal- þykkt cm	km	m ³	m ³ /m	Meðal- þykkt cm		km	m ³	m ³ /m	Meðal- þykkt cm
Suðurland	55,3	77 801	1,41	22	63,5	35 417	0,56	8	107,1	113 218	1,06	16	
Reykjanes	26,5	7 995	0,30	6	41,0	13 181	0,32	4	67,0	21 176	0,32	5	
Vesturland	71,4	51 274	0,72	12	95,3	41 452	0,43	7	129,7	92 726	0,71	12	
Vestfirðir	6,2	6 000	0,97	19	2,7	1 400	0,52	8	8,9	7 400	0,83	15	
Norðurland ve. . .	11,8	9 042	0,77	20	136,5	64 224	0,47	8	101,0	73 266	0,73	13	
Norðurland ey. . .	75,5	63 424	0,84	15	101,8	34 861	0,34	6	121,6	98 285	0,81	14	
Austurland	24,2	59 900	2,48	38	108,0	59 200	0,55	8	98,6	119 100	1,21	19	
Samtals	270,9	275 436	1,02	23	548,8	249 735	0,46	7	633,9	525 171	0,83	14	

2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi.

Lagðir voru 16,6 km af slitlagi í viðhaldi, sem skiptist þannig:

Malbikun	2,2 km
Olíumöl	3,7 km
Afrétting + klæðing	3,0 km
Klæðing	7.7 km

Af þessum 16,6 km voru 7,2 km styrktir með muldu burðarlagsefni.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir gerð bundins slitlags í árslok 1983 skipt eftir kjördæmum. (Lengdir í km.).

Kjördæmi	Lengdir í km.				
	Steypa	Malbik	Olíumöl	Klæðing	Samtals
Suðurland		6,2	109,2	93,7	209,1
Reykjanes	46,7	43,5	63,3	19,1	117,6
Vesturland		2,9	16,0	53,0	71,9
Vestfirðir		9,1		42,9	52,0
Norðurland vestra	0,8	0,2		92,1	93,1
Norðurland eystra		11,4		72,1	83,5
Austurland	0,6		11,8	62,3	74,7
Samtals	48,1	73,3	200,3	435,2	756,9

2.2.1.3. Viðhald brúa.

Fjárveiting var 13,2 m. kr.

Stærstu verkefni voru eftirtalin:

Viðgerð á undirstöðum brúar á Múlakvísl (1), málun stálbita á brú á Jökulsá á Sólheimasandi (1), viðgerð á brú á Laxá í Hvammssveit (590), steypuviðgerðir á brúm á Sælingsdalsá (589), Hörðudalsá (57) og Miðá (57), endurbygging á brú á Svartá (731) og ryðvörn á brú á Skjálfandafljóti (844). Auk þess voru unnin fjölmörg minni verk.

2.2.1.4. Viðhald varnargarða.

Fjárveiting var 1,8 m. kr.

Unnið var að viðhaldi varnargarða á mörgum stöðum, stærsta verkið var viðgerð og styrking varnargarða við Súlu og Núpsvötn.

2.2.1.5. Heflun vega.

Vegagerðin á nú 65 hefla, og sinna þeir heflun malarveganna, ásamt verkum við nýbyggingu vega.

Á árinu 1983 voru keyptir 5 nýir heflar.

Eitt hefilstjóranámskeið var haldið á árinu fyrir yngstu menn í starfi. Vegagerðin hefur einn fastan starfsmann, sem kennir vegheflun.

Kostnaður við heflun varð 55,3 m. kr. eða um 7 350 kr. á hvern km af malarvegum.

Heflaðar klst. voru 28 009, sem miðað við meðalafköst svarar til heflunar á tæplega 47 þús. km.

Samkvæmt lauslegri athugun liggja afköst í heflun á bilinu 1,2—1,8 km fullheflaðs vegar á unna klst. Lausakeyrsla er mjög mismunandi eftir umdæmum eða frá 7%, þar sem best er, og allt upp í 13%.

Aukin bundin slitlög á umferðarmestu vegunum hefur dregið mjög úr heflunarpörf, eins og meðfylgjandi tafla ber með sér.

	1978	1979	1980	1981	1982	1983
Heflunartímar þ. klst.	9,1	33,6	37,2	28,7	31,1	28,0
Notkun hefla í snjómokstri	18,7	21,8	12,1	24,3	16,6	

Heflunartími er nokkuð misjafn milli ára, sem skýra má af sveiflum í snjómokstri eins og neðri línan sýnir. Taflan ber þó greinilega með sér að heflunarpörf fer minnkandi.

Fyrir þremur árum var tekin upp í bókhaldi skipting á kostnaði við heflun vega eftir umferðarflokkum. Í tveim töflum hér á eftir er sýnd niðurstaða úrvinnslu þeirra upplýsinga, sem þar koma fram. Í þeirri fyrri er sýnd skipting heflunar á umferðarflokka, en í þeirri síðari eftir umdæmum. Töflurnar sýna tíðni heflana og er hún sett fram á tvennan hátt. Annars vegar er henni skipt jafnt á árið, en hins vegar á viðhaldstíma, en hann er skilgreindur sem sá tími þar sem 90% af heflun fer fram á. Reyndist sá tími vera nokkuð misjafn eftir umdæmum eða 211—281 dagar. Töflurnar skýra sig að mestu sjálfar, en athyglisvert er þó hversu miklum tíma er varið í heflun umferðarminnstu veganna.

	Umferðarflokkar (ÁDU)					Samtals
	0-50	50-100	100-200	200-500	>500	
Umferð						
Millj. eknir km	32,0	47,3	65,3	62,8	18,4	225,7
Hlutfallsleg skipting	14%	21%	29%	28%	8%	100%
Vegalengd						
Km	3 735	1 828	1 281	609	69	7 522
Hlutfallsleg skipting	50%	24%	17%	8%	1%	100%
Heflun						
Heflaðar klst.	11 640	5 820	4 620	4 730	1 190	28 000
Heflaðir km	17 500	8 700	6 900	7 100	1 800	42 000
Hlutfallsleg skipting	42%	21%	16%	17%	4%	100%
Umf. milli heflana						
Allt árið (bílar)	1 830	5 440	9 460	8 850	10 220	5 370
Sumarheflun (bílar)	1 140	4 130	7 520	8 920	11 600	4 570
Dagar milli heflana						
Allt árið (dagar)	78	77	68	31	14	65
Sumarheflun	53	53	46	21	10	45

Umdæmi malarv.	Akstur		Lengd		Heflaðir km	Fjöldi bíla milli heflana	
	m.km	%	km	%		Árið	Sumar
Suðurland	38,9	17	1 358	18	8 310	4 270	3 980
Reykjanes	15,1	7	182	2	3 150	5 840	5 140
Vesturland	46,5	20	1 303	17	9 460	5 060	4 240
Vestfirðir	19,8	9	1 242	17	5 330	3 450	2 770
Norðurl. ve.	31,2	14	981	13	4 200	7 430	5 940
Norðurl. ey.	38,8	17	1 104	15	5 550	6 990	5 880
Austurland	35,5	16	1 352	18	6 000	5 950	5 060
Samtals	225,8	100	7 522	100	42 000	5 370	4 570

2.2.1.6 Rykbinding.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lengd malarvega sem rykbundnir voru með klórkalsíum, salti eða sjó 1983. Í töflunni eru einnig upplýsingar um lengd malarvega með umferð meiri en 300 bílar á dag, miðað við sumarumferð.

Umdæmi	Rykbundnir km					Umferð SDU > 300
	Klór-kalsíum	Úrgangsalt	Sjór	Vatn	Samtals	
Suðurland	14,4	166,5	—	—	180,9	137,0
Reykjanes	16,4	—	13,0	—	29,4	53,0
Vesturland	60,6	—	58,9	—	119,5	156,0
Vestfirðir	33,0	—	—	—	33,0	34,0
Norðurl. ve.	52,3	—	13,0	—	65,3	165,0
Norðurl. ey.	32,1	15,5	67,8	38,2	153,6	231,0
Austurland	40,0	220,0	—	—	260,0	56,0
Samtals	248,8	402,0	152,7	38,2	841,7	832,0

2.2.1.7. Vinnsla efnis.

1983 voru starfræktar þrjár mulningsvélasamstæður á vegum Vegagerðarinnar. Samið var við nokkra verktaka um mölun á efni. Vinnsla efnis í slitlag malarvega 1983 var sem hér segir:

	Mölun m ³			16 mm	Hörpun	Samt. m ³
	50 mm	25 mm	19 mm		m ³ 30 mm	
Suðurland	—	25 400	—	—	—	25 400
Reykjanes	—	—	18 846	—	—	18 846
Vesturland	—	—	26 134	7 714	3 265	37 113
Vestfirðir	—	10 253	—	—	—	10 253
Norðurl. ve.	17 630	64 940	—	—	—	82 570
Norðurl. ey.	—	52 771	7 141	—	—	59 912
Austurland	—	5 320	43 810	—	—	49 130
Samtals	17 630	158 684	95 931	7 714	3 265	283 224

2.2.1.8. Vatnaskemmdir.

Á árinu 1983 námu tjón vegna vatnaskemmda 16,3 m. kr.

Á árunum 1980—1982 varð árlegur kostnaður 7,6 m. kr. að meðaltali á verðlagi 1983. Er því um verulega aukningu að ræða frá síðustu árum. Mest urðu tjónin á Vesturlandi eða um 4,3 m. kr. Þann 21. og 22. janúar urðu þar mikil flóð þegar stórrigningu gerði ofan í mikinn snjó.

Einnig urðu verulegar skemmdir þessa sömu daga á Vestfjörðum, einkum í Strandasýslu. Gróf meðal annars fyllingar frá brúm.

Kostnaður á Vestfjörðum varð 3,4 m. kr.

2.2.1.9. Vegmerkingar.

Fjárveiting var 2,4 m. kr. Unnið var aðallega við viðhald og endurnýjun umferðarmerkja. Vegna óvenjumikilla snjóalaga á vestanverðu landinu á liðnum vetri, hafa merki skemmst mikið við snjómokstur. Þarf því að gera sérstakt átak við endurnýjun merkja á þessu svæði.

2.2.2 Vetrarþjónusta.

Kostnaður við vetrarþjónustu nam 136,92 m. kr., en það varð um 35,20 m. kr. umfram upphaflega fjárveitingu, að frádreginni skuld frá 1982. Vetrarþjónusta kostaði um 90,6 m. kr. til júníloka en á seinni hluta ársins varð kostnaðurinn um 46,3 m. kr. Vegna alþingiskosninga í aprílmánuði varð aukakostnaður við snjómokstur um 7,0 m. kr. og ákvað ríkisstjórnin að veita aukalega fé til snjómoksturs sem nam sömu upphæð. Þegar ljóst varð að fjárveiting til vetrarþjónustu dygði ekki út árið, veitti ríkisstjórnin aukafjárveitingu að upphæð 15,0 m. kr., sem kemur til greiðslu á árinu 1984. Eftir er því að fjármagna um 13,2 m. kr. umframeyðslu.

Hér fer á eftir tafla, sem sýnir hve marga daga ýmsir fjallvegir voru ófærir vegna snjóa í hverjum mánuði árið 1983. Einnig er sýnt hve marga daga unnið var við snjómokstur á þeim.

Tafla sem sýnir hve ýmsir fjallvegir voru lengi lokaðir vegna snjóa árið 1982.

	Jan.	Febr.	Mars	Apr.	Mái	Júní	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Alls	Hlutfall af 365 dögum %	Snjó- moksturs- dagar
Fróðárheiði	12	6	5	9							2	7	41	11	35
Svínadalur	6	4	9	8							3	7	37	10	33
Klettháls	31	28	31	30	12						6	31	169	46	10
Hálfván	27	4	7	8							3	9	58	16	37
Dynjandisheiði	31	28	31	30	20						2	24	166	45	10
Hrafseyrarheiði	31	28	31	30	14					9	13	21	177	48	20
Breiðadalsheiði	31	22	18	18	3					7	11	17	127	35	53
Botnsheiði	31	25	20	19	3					5	12	18	133	36	46
Þorskafjarðarheiði	31	28	31	31	31	9				16	30	31	238	65	8
Holtavörðuhheiði	29	6	11	6								4	56	15	27
Vatnsskarð	4		1	4								1	10	3	40
Síglufv.-Fljót															
Síglufj.	9	1	2	6	2						4	3	27	7	51
Lágheiði	31	28	31	30	31	8				17	30	31	237	65	8
Öxnadalsheiði	2	2	0	2						1	1	2	10	3	55
Ólafsfjarðarmúli	12	4	11	11	2					4	11	6	61	17	65
Hólssandur	31	28	31	30	31	28	2			16	30	31	258	71	2
Axarfjarðarheiði	31	28	31	30	31	30	3			31	30	31	276	76	5
Sandvíkurheiði	1	0	2	13	2						5	3	26	7	28
Vopnafjarðarheiði	31	28	31	30	26	19				9	22	31	227	62	7
Möðrudalsöræfi	31	28	31	30	10					17	30	31	208	57	16
Vatnsskarð eystra	17	8	15	18	6					4	12	16	96	26	20
Fjarðarheiði	8	4	0	7	4					2	6	7	38	10	56
Oddsskarð	8	5	3	7						1	6	3	33	9	43
Breiðdalsheiði	31	20	21	26	4					11	16	19	148	41	9

Yfirlit yfir kostnað við vetrarþjónustu 1974—1983.

Ár	Jan.–júní m.kr.	Okt.–des. m.kr.	Allt árið m.kr.	Vísitala vetrar- þjónustu	Á verðl. 1983 m.kr.
1974	0,92	0,72	1,64	20,4	87,06
1975	2,45	0,77	3,22	33,4	104,41
1976	2,27	0,92	3,19	43,8	78,88
1977	3,23	1,71	4,94	67,7	79,03
1978	5,27	3,18	8,45	100,0	91,51
1979	8,91	5,46	14,37	144,0	108,07
1980	7,08	9,71	16,79	226,0	80,46
1981	26,99	15,99	42,98	347,0	134,14
1982	30,21	25,74	55,95	549,0	110,37
1983	90,61	46,31	136,92	1 083,0	136,92
Meðalkostnaður:					101,09

Kostnaður við vetrarþjónustu á nokkrum vegarköflum.

Kafli	Lengd kafla km	Kostnaður v/snjóm. þús. kr.	Kostnaður á km þús. kr.
Mýrdalssandur	34	664	19,5
Hellisheiði: Reykjavík—Hveragerði	38	5 125	134,9
Holtavörðuheiði	38	2 797	73,6
Fróðárheiði	13	897	69,0
Miklidalur og Hálfán	29	2 132	73,5
Breiðadalshéiði	16	2 576	161,0
Botshéiði	17	2 469	145,2
Siglufjarðarvegur: Ketilás — Siglufjörður	31	2 489	80,3
Óxnadalshéiði	30	1 479	49,3
Ólafsfjarðarmúli	18	2 011	111,7
Fjarðarheiði	25	1 933	77,3
Oddskarð	22	2 474	112,5

2.2.3. Yfirlit um viðhald þjóðvega og skiptingu þess.

Í meðfylgjandi töflum er gefið yfirlit um viðhaldskostnað þjóðvega og skiptingu hans.

Viðhaldskostnaður þjóðvega 1973—1983.

Ár	Fj. árv. í vegáætl. m. kr.	Heildar- kostnaður m. kr.	Vetrar- viðhald m. kr.	Vetrarviðhald sem hluti af heildarkostnaði %
1973	3,75	4,33	0,99	22,9
1974	7,16	8,44	1,64	19,4
1975	10,49	11,62	3,22	27,7
1976	13,81	14,62	3,16	21,6
1977	18,78	19,80	5,00	25,3
1978	32,20	35,00	8,45	24,1
1979	52,52	53,84	14,37	26,7
1980	83,02	81,01	16,87	20,8
1981	140,06	138,76	42,98	31,0
1982	222,90	236,58	55,95	23,6
1983	414,00	425,13	136,9	32,2

Skipting viðhaldskostnaðar þjóðvega árið 1983.

Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir skiptingu viðhaldskostnaðar árið 1983. Yfirlitið sýnir helstu verkþætti viðhalds skipt eftir gerð slitlaga.

Kostnaðarliður	K j ö r d æ m i									Hlutfall af heildarkostn. %	
	Sameiginlegt	Suðurland	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. ve.	Norðurl. ey.	Austurland	Samtals		
	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.	Alls	Sumarvh.
BUNDIN SLITLÖG											
Eftirlit og hreinsun	1 743	300	804	271	50	190	89	70	3 517	0,8	1,2
Umferðarm., stikur og leiðarar	1 266	345	3 403	270	50	244	158	70	5 806	1,4	2,0
Vegmálun		405	355	299	316	192	205	152	1 924	0,5	0,7
Umferðarljós, lýsing			3 707		39				3 746	0,9	1,3
Viðgerðir		751	2 431	523	347	559	217	967	5 795	1,4	2,0
Endurnýjun	279	6 208	16 876	5 307	149		183	1 223	30 225	7,1	10,5
Axlar og gangbrautir		632	1 569	-127		497	71	27	2 669	0,6	0,9
Vinnsla efnis		-1 399	1 134	689	-485	1 142	-373		708	0,2	0,2
Samtals bundin slitlög	3 288	7 242	30 279	7 232	466	2 824	550	2 509	54 390	12,8	18,9
MALARSLITLÖG:											
Eftirlit og hreinsun	1 742	2 500	150	1 350	2 892	695	1 565	1 756	12 650	3,0	4,4
Umferðarm., stikur og leiðarar	1 266	119	100	804	1 022	240	268	428	4 247	1,0	1,5
Mölbúður		5 886	2 657	8 386	2 732	4 901	4 766	4 846	34 174	8,0	11,9
Heflun	187	10 336	4 101	13 215	7 064	5 108	7 327	7 988	55 326	13,0	19,2
Rykbinding	11	1 288	425	2 414	602	1 774	1 685	1 557	9 756	2,3	3,4
Ræsi, niðurf., skurðir, rásir	1	1 455	803	6 565	3 474	1 600	820	1 065	15 783	3,7	5,5
Viðgerð og styrking		6 489	187	4 005	3 009	4 057	5 642	8 012	31 401	7,4	10,9
Vatnaskemmdir		2 286	640	3 779	3 371	1 750	645	3 326	15 797	3,7	5,5
Vinnsla efnis	-658	5 563	2 874	4 314	1 704	8 290	8 251	5 885	36 223	8,5	12,6
Samt. malarslitlög	2 549	35 922	11 937	44 832	25 870	28 415	30 969	34 863	215 357	50,7	74,7
ANNAÐ:											
Viðhald brúa		4 779	152	3 774	983	2 847	1 518	1 165	15 218	3,6	5,3
Ýmis kostnaður		501	221	898	89	870	88	589	3 256	0,8	1,1
Samtals annað	0	5 280	373	4 672	1 072	3 717	1 606	1 754	18 474	4,3	6,4
Samtals sumarviðhald	5 837	48 444	42 589	56 736	27 408	34 956	33 125	39 126	288 221	67,8	100,0
Vetrarþjónusta	6 748	8 249	15 775	18 458	35 332	11 531	20 093	20 734	136 920	32,2	
Viðhald alls	12 585	56 693	58 364	75 194	62 740	46 487	53 218	59 860	425 141	100,0	

Í næstu töflu er tilgreind lengd akfærra vega og kostnaður við viðhald þeirra á km, ásamt eignum km og viðhaldskostnaði á hverja ekna 100 km. Í töflunni er einnig sýndur kostnaður við sumarviðhald og kostnaður á hvern ekinn km.

Viðhaldskostnaður þjóðvega miðað við hvern ekinn km árið 1983.

Kjördæmi	Viðhaldskostnaður fyrir árið 1983 þ.kr.	Lengd akfastra vega km	Viðhaldskostnaður á hvern km þ.kr.	Eknir km 1983 m.km	Viðhaldskostnaður á ekna 100 km kr.	Kostnaður við sumarviðhald alls þ.kr.	Kostnaður við sumarviðhald alls þ.kr.	Kostnaður við sumarviðhald ek. 100 km kr.
Suðurland	58 423	1 565	37,3	95	61	49 445	31,6	52
Reykjanes	60 144	356	168,9	164	37	43 469	122,1	27
Vesturland	77 488	1 374	56,4	61	127	57 909	42,1	95
Vestfirðir	64 654	1 292	50,0	25	259	27 975	21,7	112
Norðurland v.	47 905	1 073	44,6	42	114	35 679	33,3	85
Norðurland e.	54 841	1 189	46,1	55	100	33 810	28,4	61
Austurland	61 685	1 428	43,2	43	143	39 934	28,0	93
Samtals	425 140	8 277	51,4	485	88	288 221	34,8	59
Meðaltal			51,4		88		34,8	59

Í meðfylgjandi töflu er sýndur viðhaldskostnaður á malarvegum og vegum með bundnu slitlagi, svo og lengd vega í hvorum flokki og eknir km. Enn fremur er tilgreindur sumarviðhaldskostnaður á hvern km og hvern ekinn km.

Gerð vega	Kostnaður við sumarviðhald í m.kr.	Fjöldi km	Fjöldi ekinna km í milljónum	Kostnaður á hvern km í þús.kr.	Kostnaður á hverja ekna 100 km í kr.
Malarvegir	230,1	7 522	226	30,6	101,8
Vegir með bundnu slitlagi	58,1	755	259	77,0	22,4
Samtals	288,2	8 277	485	34,8	59,4

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA.

2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaf framkvæmda.

2.3.0.1. Föst lán til vegaf framkvæmda.

Samkvæmt lánsfjáráætlun og vegáætlun aflaði ríkissjóður á árinu 1983 lánsfjár að upphæð 244,6 m. kr. og var það 4,4 m. kr. lægri upphæð en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þar af fóru 193,6 m. kr. beint til að brúa bilið milli áætlaðra framkvæmda samkvæmt vegáætlun og fjárframlaga úr ríkissjóði, þ. e. markaðra tekna og ríkisframlags, en 51,0 m. kr. fór til sérstakra verkefna á vegáætlun, þ. e. svonefndra Ó-vega, eins og frá er greint hér á eftir.

Eins og venja hefur verið undanfarin ár voru vextir, afborganir og lántökukostnaður vegna allra þeirra A-hluta lána, sem tekin hafa verið til vegagerðar frá upphafi, greidd beint úr ríkissjóði utan vegáætlunar. Samkvæmt upplýsingum ríkisbókhaldsins námu þessar greiðslur ríkissjóðs á árinu 1983 sem hér segir (í m. kr.):

Afborganir (að meðtöldum verðbótum)	206,8
Vextir (nafnverð með verðbótahluta)	85,5
Samtals	292,3

Eftirfarandi tafla frá ríkisbókhaldinu sýnir stöðu þessara lána og hreyfingu á árinu 1983. Ekki er meðtalinn hluti Vegagerðar af lánum ríkisins í formi skyldusparnaðar á hærri tekjur:

Lán yfirtekin af ríkissjóði.
(Upphæðir í m. kr.)

Skuldir í árslok 1982		1 521,2
Ný lán á árinu 1983	220,0	
Hækkun vegna gengistaps	172,7	
Hækkun vegna vísitöluhækkunar	880,9	1 273,6
	Samtals	2 794,8
Afborganir (að meðtöldum verðbótahluta)		206,8
	Skuldir í árslok 1983 samtals	2 588,0

Uppfærsla lána í erlendri mynt vegna óhagstæðrar gengispróunar á árinu nam 172,7 m. kr. eins og að ofan greinir, og uppfærsla eldri lána vegna vísitöluþreyinga nam 880,9 m. kr.

Lán í erlendri mynt námu í árslok 424,4 m. kr. og vísitöluþreyingin lán á innlausnarvirði námu 1 943,7 m. kr. Önnur eldri lán voru 3,3 þús. kr.

Upphæð nýrra lána hér að ofan er í samræmi við skýrslu fjármálaráðherra um ríkisfjármál, sem lögð var fyrir Alþingi þann 28. febrúar 1984.

2.3.0.2. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda.

Austurland	857	571	513	1 941	25
Samtals	3 728	4 578	3 315	11 621	162

ATH. Aðeins eru taldir akfærir þjóðvegir.

Af götum í kaupstöðum og kaupúnum eru aðeins taldar með þær, sem eru þjóðvegir í þéttbýli.

Fskj. 2.3.1.1.—1.

**STOFNBRAUTIR — ALMENN VERKEFNI.
GREINARGERÐ UM FRAMKVÆMDIR.**

1 Suðurlandsvegur:

14 Vík — Dyrhólavegur:

Fjárveiting var 1,6 m. kr. Greidd var 0,2 m. kr. skuld f. f. ári. Lokið var við undirbyggingu vegarins á 2,5 km löngum kafla yfir Reynisfjall sem unnið hefur verið við á undanförunum árum. Frágangi ólokið.

17—18 Steinalækur — Seljaland:

Fjárveiting 2,0 m. kr. og fjárveiting til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.3. var 8,0 m. kr. Lögð var klæðning á 10,9 km langan kafla milli Steina og Fitjarála.

19—20 Vorsabær — Hvolsvöllur:

Fjárveiting var 2,4 m. kr. og fjárveiting til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. var 7,9 m. kr. Lögð var klæðning á 4,8 km langan kafla milli Vorsabæjar og Eylands. Endurnýjuð var klæðning á 3,0 km löngum kafla milli Þverár og Eylands. Þá var lögð klæðning á 2,6 km langan kafla milli Hvolsvallar og Þverár.

22—28 Hvolsvöllur — Þjórsá:

Fjárveiting var 6,5 m. kr. Fjárveitingunni var varið til ýmiss konar frágangsvinnu s. s. jöfnunar á gryfjum, til girðinga og frágangs með veginum. Allmikill frágangur er þó eftir.

30 Skeiðavegur og Hrunamannavegur:

02 Ólafsvallavegur — Skálholtsvegur:

Fjárveiting var 3,4 m. kr. og til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. var 4,0 m. kr. Þá var tekið lán frá Skálholtsvegi 1,5 m. kr. og frá Skeiðavegi, þjóðbraut 0,9 m. kr. (Sjá fskj. 2.3.2.1.) Lögð var klæðning á 6,4 km langan kafla frá Brautarholti að vegamótum Skálholtsvegar.

- 31 **Skálholtsvegur:**
 02 Um Laugarás:
 Fjárveiting var 3,4 m. kr. og til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. 2,0 m. kr. Lánað var til Skeiðavegar 1,5 m. kr. Undirbyggður var 1,2 km langur kafli í gegnum þéttbýlið í Laugarási.
- 34 **Eyrarbakkavegur:**
 05 Um Ölfusárós:
 Fjárveiting var 2,2 m. kr. Byggður var 0,6 km langur kafli ofan Eyrabakka ásamt tengivegi að höfninni.
- 35 **Biskupstungnabraut:**
 02 Þingvallavegur — Búrfellsvegur:
 Fjárveiting var 1,8 m. kr. og var það lánað í kafla 01 Suðurlandsvegur — Þingvallavegur.
- 1 **Vesturlandsvegur:**
 13 Úlfarsárvegur — Hafravatnsvegur:
 Fjárveiting var 2,4 m. kr. Endurbyggð voru gatnamót Vesturlandsvegur og Hafravatnsvegur, einnig var sett upp götulýsing á 0,6 km löngum kafla á Vesturlandsvegi um Ullarnesbrekku.
- 15 Þingvallavegur — Brautarholtsvegur:
 Fjárveiting var 13,6 m. kr. og til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. 1,9 m. kr. Greitt var vinnulán frá 1982 og lokið frágangi á 2,9 km löngum kafla á Kjalarnesi, sem var malbikaður 1982.
- 1 **Vesturlandsvegur:**
 01 Fjarrétt — Kalastadahæð:
 Fjárveiting var 1,4 m. kr. Greitt var vinnulán frá 1982 0,8 m. kr. Lokið var frágangi girðinga og ræsa, einnig voru námusvæði jöfnuð og lagfærð.
- 02 Um Akranesvegamót:
 Fjárveitinga var engin. Síðla hausts 1983 var boðinn út kaflinn um Akranesvegamót, frá enda slitlags á Akranesvegi og að slitlagsenda við Geldingaá á Vesturlandsvegi. Verktaki varð Skóflan h. f. á Akranesi. Vann hann fyrir vinnulán 0,93 m. kr. skv. 2.3.0.2. fyrir áramót, en undirbyggingu skal lokið í júní 1984.
- 03 Leirársveitarvegur — Fiskilækur:
 Fjárveiting var 4,6 m. kr. og af bundnum slitlögum skv. 2.3.1.2. 2,7 m. kr. Fullgerður var og lögð klæðning á 2,8 km langan kafla frá Geldingaá að Fiskilæk. Verktaki við klæðningu var Hegranes h. f.
- 09 Um Gufuá:
 Fjárveiting var 1,2 m. kr. Greidd var skuld frá 1982.
- 56 **Stykkishólmsvegur:**
 03 Snæfellsnesvegur — Nesvogur:
 Fjárveiting var 5,6 m. kr. og af bundnum slitlögum skv. 2.3.1.2. 4,5 m. kr. Fullgerður var og lögð klæðning á 5,5 km langan kafla frá Snæfellsnesvegi, að heimreið að Þingvöllum. Verktaki í klæðningu var Hegranes h. f.
- 60 **Vestfjarðavegur:**
 05 Lækjarskógur — Laxá:
 Fjárveiting var 4,3 m. kr. Undirbyggður var 4,1 km langur kafli frá Rútsstöðum að Laxá, auk tengingar við Laxárdalsveg.

- 60 Vestfjarðavegur:**
- 06—06 Þorskafjarðarvegur — Djúpidalur:
Fjárveiting var 3,6 m. kr. Greitt var 0,5 m. kr. vinnulán frá fyrra ári. Haldið var áfram við byggingu vegarins á Hjallahálsi austanverðum. Byggður var 0,9 km langur kafli með undirbyggingu og burðarlagi. Lagt burðarlag á 1,1 km langan kafla sem byggður var í fyrra og borið ofan í 4,0 km í vestanverðum hálsinum.
- 11 Vattarnes — Fjarðarhlíðarvegur:
Fjárveiting var 2,0 m. kr. Byggður var 0,4 km langur kafli yfir voginn vestan brúar á Vattardalsá.
- 21 Hvammur — Ketilseyri:
Fjárveiting var 0,9 m. kr. og 2,9 m. kr. til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. Unnið var að styrkingu undir klæðningu og lögð klæðning á 3,3 km langan kafla.
- 61 Djúpvegur:**
- 19 Arnardalur — Flugvöllur:
Fjárveiting var 0,9 m. kr. og 6,0 m. kr. til bundinna slitlaga, skv. 2.3.1.2. Unnið var að frágangi á 2,2 km löngum kafla frá fyrra ári, og lögð klæðning á 3,0 km langan kafla.
- 63 Bíldudalsvegur:**
- 02 Patreksfjörður — Tálknafjarðarvegur:
Fjárveiting var 2,7 m. kr. og 6,0 m. kr. til bundinna slitlaga, skv. 2.3.1.2. Unnið var að frágangi á 1,5 km löngum kafla í Tálknafirði og styrktur 4 km langur kafli á Mikladal. Lögð var klæðning á 1,6 km langan kafla í Tálknafjarðarbotni og 2,8 km langan kafla á Mikladal.
- 64 Flateyrarvegur:**
- 01 Innan Flateyrar:
Fjárveiting var 3,5 m. kr. Tekið var vinnulán skv. 2.3.0.2. að upphæð 1,7 m. kr. Gerð var 0,6 km löng sjávarfylling frá eyrinni inn á móts við Sólvelli. Framkvæmdum er ólokið.
- 68 Hólmavíkurvegur:**
- 01 Vesturlandsvegur — Borðeyri:
Fjárveiting var engin, en tekið var vinnulán skv. 2.3.0.2. að upphæð 0,5 m. kr. Lagður var 0,4 km langur kafli um nýja brú á Ormsá.
- 06 Kattará — Stekkjarlækur:
Fjárveiting var 1,4 m. kr. Í samráði við þingmenn kjördæmisins voru fluttar 2,9 m. kr. af fjárveitingu í tengingu Inn-Djúps. Fullgerður var 2,8 km langur kafli sem byrjað var á 1982. Ólokið er lagningu malarslitlags.
- 1 Norðurlandsvegur:**
- 02 Reykir-Reykjaskóli:
Fjárveiting var 0,1 m. kr. Lokið var við styrkingu á 1,2 km löngum kafla frá Reykjanámu að Reykjaskóla.
- 06 Um Víðihlíð:
Fjárveiting var 0,3 m. kr. Byggður var 0,3 km langur kafli um Víðihlíð. Vantar slitlag.
- 07 Lækjamót-Gljúfurá:
Fjárveiting var 2,4 m. kr. Lokið var akstri burðarlags á 3,0 km langan kafla milli Árness-Refsteinsstaða. Slitlag og frágang vantar.

- 08 Gljúfurá-Hnausakvísl:
Fjárveiting var 0,8 m. kr. Lagfært var sig og vegur réttur af á 2,7 km löngum kafla milli Hnausakvíslar-Hólabaks.
- 13 Gunnsteinsstaðir-Æsustaðir:
Fjárveiting var 3,7 m. kr. Byggður var 1,8 km langur kafli frá Æsustöðum að heimreið Auðólfstaða. Einnig voru byggðar tvær heimreiðar, að Æsustöðum 280 m og að Gautsdal 500 m. Greiddar voru landbætur. Eftir er að leggja slitlag á vegina.
- 75 **Sauðárkróksbraut:**
- 03 Sæmundarhlíðarv.-Sauðárkrókur:
Fjárveiting var 3,0 m. kr. Endurbyggður var 2,5 km langur kafli frá Gili og út fyrir Messuholt. Verkið unnið af verktakafyrirtækinu Króksverki h.f. Eftir er að leggja slitlag á veginn.
- 76 **Siglufjarðarvegur:**
- 01 Stekkjarholt-Grænamýri:
Fjárveiting var 0,9 m. kr. Endurbyggður var 0,2 km langur kafli norðan við Pverárbrú. Einnig var endurbyggður 0,2 km langur kafli um Hjaltastaði og auk þess undirbyggður 0,3 km langur kafli sunnan Hjaltastaða.
- 10 Mánárskriður:
Fjárveiting var 1,3 m. kr. Unnið var við breikkun vegarins um Mánárskriður. Hluti fjárveitingar var notaður til lagfæringar á jarðsigi.
- 11 Gangamunni-Siglufjörður:
Fjárveiting var 0,3 m. kr. og 1,9 m. kr. til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. Ennfremur unnið fyrir 2,0 m. kr. (lán frá Héraðsvötnum 2.3.1.3.). Vegurinn styrktur og lögð klæðing á 2,3 km langan kafla milli Strákaganga og Siglufjarðar.
- 1 **Norðurlandsvegur:**
- 03 Um Bægisá:
Fjárveiting var 2,5 m. kr. Byggður var 0,9 km langur kafli yfir nýtt ræsi á Bægisá. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Barð s.f.
- 11 Vaðlaheiðarvegur-Svalbarðseyri:
Fjárveiting var 3,4 m. kr. og 2,6 m. kr. til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. Lokið var við undirbyggingu og sett burðarlag á 2,4 km langan kafla frá Svalbarðseyrarvegi til suðurs og lögð einföld klæðing á 2,4 km langan kafla frá Siglúvík að Svalbarðseyri.
- 14—15 Illugastaðavegur—Litlu Tjarnir:
Fjárveiting var 2,2 m. kr. og 2,5 m. kr. til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. Endurbyggður var og lögð einföld klæðing á 2,8 km langan kafla, frá Fnjóskárbrú að Fornhólum.
- 19 Brún—Mývatnssveitarvegur:
Fjárveiting var engin, en 0,4 m. kr. fengnar frá nærliggjandi nýbyggingum. Hækkaður var 1,4 km langur kafli á Mývatnsheiði vestan heimreiðar að Stöng.
- 82 **Ólafsfjarðarvegur:**
- 03 Þorvaldsdalsá—Dalvík:
Fjárveiting var 6,5 m. kr. og 2,4 m. kr. af fjárveitingum til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. Byggður var 2,9 km langur kafli frá Hálsi að Stóru-Hámundarstöðum. Lögð var tvöföld klæðing á 0,6 km langan kafla um Svarfaðardalsá. Einnig seinna klæðingarlag á 1,6 km langan kafla milli Syðri-Haga og Kálfskinns og seinna klæðingarlag lagt á 2,2 km langan kafla frá Hrisum að Dalvík.
- 06 Ólafsfjarðarmúli:
Fjárveiting var 0,2 m. kr. Unnið var að hönnun og ýmsum undirbúningi vegna fyrirhugaðrar jarðgangagerðar.

- 85 **Norðausturvegur:**
 01—02 Norðurlandsvegur—Aðaldalsvegur:
 Fjárveiting var 0,3 m. kr. og 4,0 m. kr. af fjárveitingum til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. Lagfærður var og lagður einfaldri klæðingu 3,5 km langur kafli frá Hálsi að Skjálfandafljótsbrú. Einnig var lagt seinna lag af klæðingu á 8,0 km langan kafla milli Aðaldalsvegur og Skjálfandafljótsbrúar.
- 03 Aðaldalsvegur — Mývatnsvegur:
 Fjárveiting var 1,3 m. kr. Byggður var 1,6 km langur kafli frá Laxá að Laxamýri og 0,2 km löng tenging við Mývatnsveg. Verkið var unnið af Verktakafyrirtækinu Glerá s.f.
- 19 Melrakkaslétta:
 Fjárveiting var 1,5 m. kr. Af fjárv. voru notaðar 1,0 m. kr. til mölunar efnis í malarslitlag, auk þess voru gerðar ýmsar lagfæringar.
- 22 Sveinungsvík—Krossavík:
 Fjárveiting var 1,0 m. kr. Unnið að ýmsum lagfæringum og ekið malarslitlagi á 10,5 km langan kafla frá Fjallgarði að Krossavík.
- 802 **Ólafsfjarðarvegur eystri:**
 03 Ólafsfjörður—Ólafsfjarðarvegur:
 Fjárveiting var 0,4 m. kr. og 0,3 m. kr. til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. Unnið að lagfæringum og frágangi og lagt bundið slitlag á 0,3 km langan kafla frá Bylgjubýggð að Elliheimili.
- 1 **Austurlandsvegur:**
 14 Kollur—Upphéraðsvegur:
 Fjárveiting var 0,5 m. kr. og til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. 2,8 m. kr. Unnið að undirbúningi fyrir klæðingu og lögð klæðing á 3,3 km langan kafla frá Kollu að Höfðaá.
- 20 Innri Kleif-Suðurfjarðavegur:
 Fjárveiting var 6,1 m. kr. Byggður var 3,5 km langur kafli um Tinnu og ný brú tengd. Byggð 4 m steipt plötubrú á Selá. Frágangi er ólokið og slitlag vantar.
- 21 Um Eyjagil:
 Fjárveiting var 0,4 m. kr. Greidd skuld frá fyrra ári.
- 26 Hjá Urðarteigi:
 Fjárveiting var 0,2 m. kr. Greidd skuld frá fyrra ári.
- 39 Þveit—Hólmur:
 Fjárveiting var 0,6 m. kr. Styrktir voru tveir kaflar milli Holtahóla og Brunnhólsár og vestan Hólmsár samtals 1,3 km.
- 85 **Norðausturvegur:**
 03 Merkilækur — Hrafnsvík:
 Fjárveiting var 2,0 m. kr. Byggður var 0,8 km langur kafli um Skeggjastaðaklif. Frágangi ólokið og slitlag vantar.
- 07 Ytri Nýpur — Vopnafjörður:
 Fjárveiting var 3,9 m. kr. Byggður var 2,7 km langur kafli frá Ytra Nýp, niður undir Straumseyri. Frágangi ólokið og slitlag vantar.
- 92 **Norðfjarðarvegur:**
 01 Egilsstaðir — Neðsta brú:
 Fjárveiting var 6,3 m. kr. Endurbyggður var 4,1 km langur kafli frá Launá að Neðstu brú. Frágangi ólokið og slitlag vantar.

- 11 Ormsstaðir — Neskaupstaður:
Fjárveiting var 2,2 m. kr. Byggður var 0,55 km langur kafli frá Prastarlundi að þéttbýlismörkum. Ennfremur var byggður 0,6 km langur kafli innan þéttbýlismarka Neskaupstaðar. Neskaupstaður mun til endurgjalds leggja kaflann bundnu slitlagi á árinu 1984. Verkið unnið af verktakafyrirtækinu Steypusalan h.f. Neskaupstað.
- 93 **Seyðisfjarðarvegur:**
03 Efri-Stafur — Seyðisfjörður:
Fjárveiting var 2,2 m. kr. Unnið var að afréttingu á 2,2 km löngum kafla um Efra-Staf og niður undir Neðri-Staf. Allur kaflinn var lagður malarslitlagi.
- 96 **Suðurfjarðavegur:**
08 Vík — Stöðvarfjörður:
Fjárveiting var 0,6 m. kr. Greidd skuld frá fyrra ári.
- 11 Snæhvammur — Breiðdalsvík:
Fjárveiting var 0,3 m. kr. og 1,8 m. kr. til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. Unnið var að undirbúningi fyrir klæðingu og lögð klæðing á 1,4 km langan kafla milli Merkisleitis og vegamóta Breiðdalsvíkurveg og á Breiðdalsvíkurveg, 0,7 km.

Fskj. 2.3.1.2.—1.

STOFNBRAUTIR — BUNDIN SLITLÖG.
GREINARGERÐ UM FRAMKVÆMDIR.

- 1 **Suðurlandsvegur:**
07 Í Eldhrauni:
Fjárveiting var 1,2 m. kr. auk 3,0 m. kr. af viðhaldsfé. Lögð var 4 m breið klæðing á 10,0 km langan kafla í Eldhrauni.
- 17 Steinalækur — Sandhólmavegur:
Fjárveiting var 8,0 m. kr. og 2,0 m. kr. til almennra verkefna 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)
- 20 Landeyjavegur — Hvolsvöllur:
Fjárveiting var 7,9 m. kr. og 2,4 m. kr. til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)
- 30 **Skeiðavegur:**
02 Ólafsvellir — Skálholtsvegur:
Fjárveiting var 4,0 m. kr. og 3,4 til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)
- 31 **Skálholtsvegur:**
02 Um Laugarás:
Fjárveiting var 2,0 m. kr. og 3,4 m. kr. til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)
- 1 **Vesturlandsvegur:**
15 Þingvallavegur — Brautarholtsvegur:
Fjárveiting var 1,9 m. kr. og 13,6 m. kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

- 40 **Hafnarfjarðarvegur:**
 03 Kópavogslækur — Vífilsstaðavegur:
 Fjárveiting var 0,3 m. kr. og til sérstakra verkefna skv. 2.3.1.3. 8,7 m. kr. Greidd var skuld frá 1982. Sett voru upp umferðarljós á gatnamót í Engidal og gönguljós á Hraunholtshæð.
- 06 Reykjavíkurvegur — Reykjanesbraut:
 Fjárveiting var 0,9 m. kr. Sett var upp götulýsing á 0,9 km langan kafla frá Engidal að Flatahrauni.
- 45 **Garðskagavegur:**
 03 Garður — Sandgerði:
 Fjárveiting var 0,8 m. kr. Lokið var frágangi á 4,4 km löngum kafla frá Garði að Sandgerði.
- 1 **Vesturlandsvegur:**
 03 Akranesvegamót — Fiskilækur:
 Fjárveiting var 2,7 m. kr. og skv. 2.3.1.1. af fjárveitingum til almennra verkefna 4,6 m. kr. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)
- 54 **Ólafsvíkurvegur:**
 04 Grund — Tröð:
 Fjárveiting var 1,9 m. kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.
- 56 **Stykkishólmsvegur:**
 03 Snæfellsnesvegur — Nesvogur:
 Fjárveiting var 4,5 m. kr. og skv. 2.3.1.1. af fjárveitingum til almennra verkefna 5,6 m. kr. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)
- 60 **Vestfjarðavegur:**
 21 Hvammur — Ketilseyri:
 Fjárveiting var 2,9 m. kr. og 0,9 m. kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)
- 61 **Djúpvegur:**
 19 Arnardalur — Flugvöllur:
 Fjárveiting var 6,0 m. kr. og 0,9 m. kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.)
- 63 **Bíldudalsvegur:**
 02 Patreksfjörður — Tálknafjörður:
 Fjárveiting var 6,0 m. kr. og 2,7 m. kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)
- 65 **Súgandafjarðarvegur:**
 02 Innan Suðureyrar:
 Fjárveiting var 1,5 m. kr. Lögð var klæðing á 0,9 km langan kafla frá þéttbýlismörkum innan við kaupúnið.
- 1 **Norðurlandsvegur:**
 02—03 Reykir — Tjarnarkot:
 Fjárveiting var 6,8 m. kr. Lögð var klæðing á 6,0 km langan kafla frá Reykjum að Tjarnarbóli.
- 08 Gljúfurá — Hnausakvísl:
 Fjárveiting var 3,4 m. kr. Lögð var klæðing á 2,5 km langan kafla, frá Hnausakvísl að Vatnsdalshólum.

- 75 **Sauðárkróksbraut:**
 03 Sæmundarhlíðarv. — Áshildarholt:
 Fjárveiting var 1,9 m. kr. Lögð var klæðing á 2,2 km langan kafla frá Útvík að Gili.
- 76 **Siglufjarðarvegur:**
 11 Gangamunni — Siglufjörður:
 Fjárveiting var 1,9 m. kr. og 0,3 m. kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)
- 1 **Norðurlandsvegur:**
 11 Vaðlaheiðarvegur — Svalbarðseyri:
 Fjárveiting var 2,6 m. kr. og 3,4 m. kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)
 14—15 Illugastaðavegur — Litlu-Tjarnir:
 Fjárveiting var 2,5 m. kr. og 2,2 m. kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)
 21—22 Mývatnsv. — Mývatnssv. vegur:
 Fjárveiting var 1,4 m. kr. Lagt var seinna lag klæðingar á 1,8 km langan kafla frá kirkju að Ráðhúsi. Einnig var lagt seinna lag klæðingar á 2,6 km langan kafla á Mývatnssveitarveg frá Norðurlandsvegi að Vogum.
- 82 **Ólafsfjarðarvegur:**
 03 Þorvaldsdalsá — Dalvík:
 Fjárveiting var 2,4 m. kr. og 6,5 m. kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)
- 85 **Norðausturvegur:**
 01—02 Norðurlandsvegur — Aðaldalsvegur:
 Fjárveiting var 4,0 m. kr. og 0,3 m. kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)
 03 Aðaldalsvegur — Mývatnsv. vegur:
 Fjárveiting var 1,4 m. kr. Framkvæmdum var frestað vegna þess að undirbúningi lauk seinna en áætlað var.
- 802 **Ólafsfjarðarvegur eystri:**
 01 Ólafsfjörður — Ólafsfjarðarvegur:
 Fjárveiting var 0,3 m. kr. og 0,4 m. kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 3.2.1.1. (Sjá fskj. 3.2.1.1.—1. tb.11).
- 1 **Austurlandsvegur:**
 14 Kollur — Upphéraðsvegur:
 Fjárveiting var 2,8 m. kr. og 0,5 m. kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)
 27— Djúpavogsvegur — Hamar:
 Fjárveiting var 3,6 m. kr. Lögð var klæðing á 3,3 km langan kafla frá Framnesi að Merki og á Djúpavogsveg (0,8 km). Samtals 4,1 km.
- 85 **Norðausturvegur:**
 09 Vopnafjörður — Hlíðarvegur:
 Fjárveiting var 1,0 m. kr. Lögð var olíumöl á 2,0 km langan kafla frá Vatnsdalsgerði að flugvelli.

- 92 **Norðfjarðarvegur:**
 01 Egilsstaðir — Neðsta-brú:
 Fjárveiting var 7,3 m. kr. Lögð klæðing á 6,1 km langan kafla frá Mjóafjarðarvegamótum að Launá.
- 96 **Suðurfjarðavegur:**
 11 Snæhvammur — Breiðdalsvík:
 Fjárveiting var 1,8 m. kr. og 0,3 m. kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (fskj. 2.3.1.1.—1.)

Fskj. 2.3.1.3.—1.

STOFNBRAUTIR — SÉRSTÖK VERKEFNI.
 GREINARGERÐ UM FRAMKVÆMDIR.

- 35 **Biskupstungnabraut:**
 01 Suðurlandsvegur — Þingvallavegur:
 Fjárveiting var 17,1 m. kr. og 1,8 m. kr. lán frá kafla 02 (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.) Lögð var olíumöl á 1,6 km langan kafla við Alviðru. Byggð var 74 m löng forspennt bitabrá á Sog. Brúin er með tvöfaldri akbraut og gangstíg. Kemur hún í stað bogabráar frá 1935, sem orðin var of mjó og fór illa í veglínunni.
- 36 **Þingvallavegur:**
 06—01 Kárastaðir — Stardalur:
 Fjárveiting var 4,0 m. kr. Undirbyggður var 2,0 km langur kafli frá Bugðu að Stardal.
- 40 **Hafnarfjarðarvegur:**
 03—04 Kópavogslækur — Reykjavíkurvegur:
 Fjárveiting var 8,7 m. kr. og 0,3 m. kr. af fjárveitingum til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. (Sjá fskj. 2.3.1.2.—1.)
- 41 **Reykjanesbraut:**
 02—03 Reykjavík — Hafnarfjörður:
 Fjárveiting var 10,2 m. kr. Greidd voru vinnulán frá 1982. Lokið var malbikun og frágangi á 0,3 km löngum kafla um Vífilsstaði og 0,1 km löngum afleggjara að Vífilsstöðum. Í október var boðin út framkvæmd við undirbyggingu og lögn slitlags á 2,5 km löngum kafla frá Vífilsstöðum að Hafnarfjarðarvegi ásamt breikkun og lagfæringu á gatnamótum við Flatahraun. Samið var við verktakafyrirtækið Hlaðbæ h.f. og á verki að vera lokið í lok ágúst 1984.
- 1 **Vesturlandsvegur:**
 05 Um Borgarfjörð:
 Fjárveiting var 2,2 m. kr. Greiddar voru síðustu afborganir og vextir af lánnum og unnið var að minniháttar frágangi.
- 14 Um Holtavörðuheidi:
 Fjárveiting var 8,9 m. kr., vinnulán skv. 2.3.0.2. 2,3 m. kr. Tengd var ný brú á Sanddalsá með 0,9 km löngum vegarkafli. Einnig var byggður 2,4 km langur kafli frá Biskupsbeygju að Hæðarsteini. Greidd var 1,0 m. kr. skuld frá fyrra ári.

61 Djúpvegur:

01—05 Tenging Inn-Djúps:

Fjárveiting var 17 m. kr. Í samráði við þingmenn kjördæmisins var flutt 1,0 m. kr. í Drangnesveg í kaflann um Hveravík (Sjá fskj. 2.3.2.1.) og 2,9 m. kr. í Hólmavíkurveg um Stikuháls (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.). Tekið var vinnulán skv. 2.3.0.2. að upphæð 1,7 m. kr. Byggður var 4,3 km langur kafli yst í Staðardal, gerð fylling yfir stökk í Sunndalsgili og byggður 1,3 km langur kafli við Arngerðareyri. Unnið var áfram að gerð undirbyggingar á 4,5 km löngum kafla í Norðurdal og einnig nyrst á heiðinni. Unnið var malar slitlagsefni í Staðardal og síðan haldið áfram við hönnun og mælingar Djúpmegin á heiðinni.

1 Norðurlandsvegur:

17 Um Héraðsvötn:

Fjárveiting var 6,0 m. kr. Lokið var frágangi við brú og byrjað á styrkingu varnargarðs við Arnarberg. Unnið var fyrir 4,0 m. kr. Verkinu var að öðru leyti frestað.

1 Norðurlandsvegur:

09—10 Eyjafj.br. vestri — Vaðlah.vegur:

Fjárveiting var 0,5 m. kr. Fjárveitingunni varið til að greiða bætur til Skógræktarfélag Eyfirðinga vegna fyrirhugaðrar vegagerðar í Vaðlareit.

13 Grenivíkurvegur — Illugastaðavegur:

Fjárveiting var 13,0 m. kr. Lokið var við undirbyggingu og hluta af burðarlagi á 10,8 km löngum kafla, frá Faxafalli að Víðivöllum og gengið að mestu leyti frá köntum á 6,0 km löngum kafla frá Þröskuldi að Víðivöllum. Eftir er að ganga frá köntum á 4,8 km löngum kafla frá Faxafalli að Þröskuldi og aka 25 cm burðarlagi og 10 cm jöfnunarlagi á 10,8 km langan kafla frá Faxafalli að Víðivöllum.

1 Austurlandsvegur:

30—32 Hof — Össurá:

Fjárveiting var 4,8 m. kr. Byggður var 2,7 km langur kafli frá Þvottá að Selvík. Slitlag vantar.

85 Norðausturvegur:

15 Á Jökulkinn — Austurlandsvegur:

Fjárveiting var 2,0 m. kr. Byggður var 5,8 km langur kafli úr Jökulkinn að vegamótum Austurlandsvegur, slitlag vantar. Verkið var unnið af verktaka. Verktaki var Ræktunarsamband Austurlands.

Fskj. 2.3.1.4.—1.

Ó-VEGIR.

GREINARGERÐ UM FRAMKVÆMDIR.

574 Útnesvegur:

7 Um Ólafsvíkurenni:

Fjárveiting var 47,0 m. kr. Framkvæmdin var boðin út og verktaki varð Hagvirki h. f. Vegurinn um 2,0 km var gerður akfær í júlímánuði, en í haust var síðan unnið við grjótvörn vegarins. Gert er ráð fyrir að undirbyggingu undir bundið slitlag og grjótvörn verði lokið 1. maí 1984.

- 61 **Djúpvegur:**
 25 Um Óshlíð:
 Fjárveiting var 3,5 m. kr. Greitt var vinnulán 0,466 m. kr. Lagður var 0,4 km langur kafli um Svuntu, frá Hvanngjá ytri og út að kaflanum sem lagður var 1982. Slitlag vantar og frágangur er eftir. Lögð var klæðning á 0,8 km kafla frá Hnífsdal að sorpeyðingarstöð.
- 82 **Ólafsfjarðarvegur:**
 06 Um Ólafsfjarðarmúla:
 Fjárveiting var 0,5 m. kr. Unnið var að jarðfræðiathugunum.

Fskj. 2.3.2.1.

ÞJÓÐBRAUTIR. — GREINARGERÐ
 UM FRAMKVÆMDIR.

- 26 **Landvegur:**
 03 Um Skarð:
 Fjárveiting var 1,6 m. kr. Byggður var 1,2 km langur kafli norðan við Skarð og auk þess lokið frágangi á 1,0 km löngum kafla á milli Fellsmúla og Skarðs.
- 204 **Meðallandsvegur:**
 01 Suðurlandsvegur — Arnardrangi:
 Fjárveiting var 1,0 m. kr. Greitt var vinnulán að upphæð 0,7 m. kr. Unnið var við frágang á 2,0 km löngum kafla milli Hraunkots og Seglbúða.
- 240 **Stórhöfðavegur:**
 01 Um Vestmannaeyjakaupstað:
 Fjárveiting var 0,5 m. kr. Vestmannaeyjabær hefur lagt malbik á 1,2 km langan kafla af veginum og var þessari fjárveitingu varið til þeirrar framkvæmdar.
- 242 **Raufarfellsvegur:**
 01 Ýmsir staðir:
 Fjárveiting 0,2 m. kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs.
- 250 **Dímonarvegur:**
 01 Ýmsir staðir:
 Fjárveiting var 0,2 m. kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs.
- 252 **Landeyjavegur:**
 01 Ýmsir staðir:
 Fjárveiting var 0,7 m. kr. Fullgerður var 3,0 km langur kafli við Uxahrygg.
- 261 **Fljótshlíðarvegur:**
 01—02—03 Ýmsir staðir:
 Fjárveiting var 1,4 m. kr. Tekið var vinnulán skv. 2.3.0.2. að upphæð 2,0 m. kr. Byggður var 1,4 km langur kafli milli Sámsstaða og Tumastaða.
- 30 **Skeiða- og Hrunam.vegur:**
 03 Skálholtsv.—Þjórsárdalsvegur:
 Fjárveiting var 1,7 m. kr. Lánað var 0,9 m. kr. til kafla 02. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—.), og greitt vinnulán frá fyrra ári að upphæð 0,7 m. kr.

- 37 **Laugarvatnsvegur:**
03 Um Laugardalshóla:
Fjárveiting var 0,7 m. kr. Grafnir voru þurrkunarskurðir meðfram 2,7 km nýrri veglínu við Laugardalshóla og vegstæðið jafnað.
- 305 **Villingaholtsvegur:**
01 Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 1,7 m. kr. Byggður var 1,3 km langur kafli til að tengja nýja brú á Hróarsholtslæk.
- 316 **Kaldaðarnesvegur:**
01 Eyrarbakkevegur — Sandvík:
Fjárveiting var 0,4 m. kr. Lögð var klæðning á 0,5 km langan kafla frá Eyrarbakkevegi að Sandvík.
- 324 **Vorsabæjarvegur:**
01 Við Vorsabæ:
Fjárveiting var 0,2 m. kr. Styrktur var 1,5 km langur kafli milli Húsatófta og Vorsabæjar.
- 351 **Búrfellsvegur:**
01 Við Klausturhóla:
Fjárveiting var 0,4 m. kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs.
- 355 **Reykjavegur:**
01 Um Hryggholt:
Fjárveiting var 0,4 m. kr. Tekið var vinnulán skv. 2.3.0.2. 0,7 m. kr. Endurbyggður var 3,0 km langur kafli milli Tjarnarvegar og Biskupstungna-brautar.
- 356 **Tjarnarvegur:**
01 Um Vatnsleysu:
Fjárveiting var engin. Tekið var vinnulán skv. 2.3.0.2. 0,4 m. kr. Byggður var 0,3 km kafli við Vatnsleysu.
- 44 **Hafnavegur:**
02 Flugvöllur — Stapafellsvegur:
Fjárveiting var 0,3 m. kr. er fór til greiðslu á skuld.
- 416 **Álftanesvegur:**
01 Bessast.vegur, vegam. — Bessast.vegur:
Fjárveiting var 0,8 m. kr. Undirbyggður var 0,2 km langur kafli frá Álftanesvegi að Landakoti.
- 50 **Borgarfjarðarbraut:**
02 Um Hestháls:
Fjárveiting var 0,4 m. kr. Greidd var 0,34 m. kr. skuld frá fyrra ári. Lokið var frágangi og sáningu á 0,5 km kafla, sem byggður var 1982.
- 52 **Uxahryggjavegur:**
02 Kistufell — Hóll:
Fjárveiting var 1,3 m. kr. Greidd var 0,3 m. kr. skuld frá fyrra ári. Vegurinn var styrktur og hækkaður vegna snjóá á 2,5 km löngum kafla frá Skarði að Snartarstöðum í Lundarreykjadal og ræsi endurnýjuð á kaflanum.
- 56 **Stykkishólmsvegur:**
01 Kerlingarskarð:
Fjárveiting var 0,5 m. kr. Vegurinn var styrktur og lagfærðir snjóastaðir, aðallega sunnanvert á skarðinu.

- 59 **Laxárdalsvegur:**
 01 Hólmavíkurvegur — Laxá:
 Fjárveiting var 1,8 m. kr. Byggður var 1,2 km langur kafli austast á heiðinni í framhaldi af kafla frá 1981. Verktaki var Vélar s. f. Hólmavík.
- 02 Svalhöfði — Sýslumörk:
 Fjárveiting var 2,6 m. kr. Að ósk þingmanna var framkvæmdum frestað, en fjárveiting flutt í 590 — Klofningsveg.
- 512 **Lundarreykjadalvegur:**
 01 Hjá Múlakoti:
 Fjárveiting var 1,0 m. kr. Fullgerður var 1,2 km langur kafli frá Múlakoti áleiðis að Skálpastöðum.
- 518 **Hálsasveitarvegur:**
 02 Á Merkiholti:
 Fjárveiting var 0,3 m. kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 0,5 m. kr. Sprengd var niður blindhæð á Merkiholti ofan Norður-Reykja og vegurinn endurbyggður þar á 0,2 km löngum kafla.
- 04 Hallkelsstaðir — Hrauná:
 Fjárveiting var 1,1 m. kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 1,0 m. kr. Lokið var 2,5 km löngum nýbyggingarkafli frá Gilsbakka að Kolsstöðum í Hvítársíðu.
- 574 **Útnesvegur:**
 02 Hellnar — Saxhóll:
 Fjárveiting var 0,7 m. kr. Í samráði við heimamenn voru lagfærðir ýmsir snjóastaðir á veginum frá Húsanesskriðum að Saxhóli. Ennfremur var lagt malarslitlag á kaflann frá Gufuskálum að Hellissandi.
- 588 **Gillastaðavegur:**
 01 Tenging að Goddastöðum:
 Fjárveiting var engin í ár, en áætluð 1,4 m. kr. á árinu 1984. Að ósk heimamanna og í samráði við þingmenn var verkið boðið út til framkvæmdar haustið 1983 en til greiðslu 1984. Verktaki varð Sigurður Vigfússon, Staðarsveit, og lauk hann að mestu byggingu vegarins, alls 1,3 km. Þó er eftir ýmis frágangur og snyrting utan vegar.
- 590 **Klofningsvegur:**
 02 Hafnarhál — Hóll:
 Fjárveiting var 0,5 m. kr., en einnig var flutt fjárveiting úr 59. Laxárdalsvegi, 2,6 m. kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var kr. 1,0 m. kr. Undirbyggður var kaflinn frá Björnsdal út fyrir Hólsá, alls 3,2 km langur, sem síðan var lagður malarslitlagi. Einnig var lagt malarslitlag á kaflann, sem byggður var 1982, 3,0 km langan, samtals 6,2 km.
- 65 **Súgandafjarðarvegur:**
 03 Utan Suðureyrar:
 Fjárveiting var 1,1 m. kr. Endurbyggður var 0,5 km langur kafli milli þéttbýlis og hafnarinnar og á hann var lögð klæðning.
- 622 **Svalvogavegur:**
 03 Utan Þingeyrar:
 Fjárveiting var 0,8 m. kr. Lögð var klæðning á 0,6 km langan kafla. Er nú bundið slitlag milli Þingeyrar og flugvallar.

- 625 **Valþjófsdalsvegur:**
02 Flugvöllur — Grundarendi:
Fjárveiting var 0,4 m. kr. Greitt vinnulán frá fyrra ári, en þá var byggður 1,7 km langur vegarkafli. Engin fjárveiting var þá til vegarins.
- 643 **Strandavegur:**
02 Um Bassastaði:
Fjárveiting var 0,5 m. kr. Greidd skuld frá fyrra ári.
- 645 **Drangsnesevegur:**
01 Strandavegur — Drangsnese um Selströnd:
Fjárveiting var engin, en í samráði við þingmenn kjördæmisins var flutt 1,0 m. kr. af fjárveitingu í tengingu Inn-Djúps. Byggður var 0,8 km langur kafli um Hveravík.
- 711 **Vatnsevegur:**
05 Um Harastaðaá:
Fjárveiting var 1,4 m. kr. Endurbyggður var 1,5 km langur kafli um Harastaðaá. Lokafrágangi ólokið.
- 714 **Fitjavegur:**
02 Ásland — Bjarg:
Fjárveiting var 0,2 m. kr. Greidd skuld frá fyrra ári.
- 731 **Svínvetningabraut:**
01—04 Norðurlandsvegur:
Fjárveiting var 1,6 m. kr. Endurbyggður var 1,4 km langur kafli frá Hnjúkahlíð að Sauðanesi. Burðarlag vantar á 0,4 km langan kafla og slitlag á allan kaflann. Öðrum frágangi er ólokið.
- 758 **Austurlandsvegur:**
01 Skagafjarðarv. — Merkgilsvegur:
Fjárveiting var 0,4 m. kr. Endurbyggður 0,4 km langur kafli á Bústaðahálsi.
- 766 **Brimnesvegur:**
01 Siglufjarðarvegur — Brimnes:
Fjárveiting var 0,1 m. kr. Greitt lán frá fyrra ári.
- 769 **Ásvegur:**
01 Efriás — Hólavegur:
Fjárveiting var 0,3 m. kr. Endurbyggður 0,8 km langur kafli framan við Efriás. Verkið unnið af Verktakanum h. f.
- 787 **Flókadalsvegur:**
01 Siglufjarðarvegur — Sigríðarstaðir:
Fjárveiting var 1,5 m. kr. Endurbyggður var 1,5 km langur kafli um Syðstamó.
- 792 **Flugvallarvegur:**
01 Siglufjörður — Flugvöllur:
Fjárveiting var 0,3 m. kr. Undirbyggður var 0,6 km langur kafli, af Langeyri um Leirur, á Snorrabraut við Norðurtún.
- 83 **Grenivíkurvegur:**
02 Ystavík — Fnjóskadalsv.eystri:
Fjárveiting var 2,9 m. kr. Ekið var malarslitlagi í 0,5 km langan kafla um Hvamm. Öðrum framkvæmdum var frestað vegna veðurs.

- 814 **Staðarbakkavegur:**
Fjárveiting var 0,7 m. kr. Byggður var 1,0 km langur kafli frá Flögu til suðurs. Eftir er að keyra í kanta og annar frágangur.
- 821 **Eyjafjarðarbraut vestri:**
03 Hrafnagil — Finnastaðavegur:
Fjárveiting var 2,0 m. kr. Byggður var 1,2 km langur kafli frá Litla-Hóli að Finnastaðavegi. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Norðurverk h. f.
- 842 **Bárðardalsvegur vestri:**
01 Norðurlandsvegur — Hlíðarendi:
Fjárveiting var engin, en 0,3 m. kr. fengnar frá nærliggjandi nýbyggingum. Tengd var ný brú yfir Eyjadalsá með 0,4 km löngum kafla.
- 851 **Útkinnarvegur:**
Fjárveiting var 0,4 m. kr. Endurbyggður var 1,1 km langur kafli frá Geirbjarnarstöðum að Leikskálaá.
- 852 **Sandsvegur:**
Fjárveiting var 0,4 m. kr. Byggður var 0,5 km langur kafli frá Sandi og austur fyrir Berg.
- 98 **Djúpavogsvegur:**
Fjárveiting var 0,2 m. kr. Unnið að undirbúningi fyrir klæðningu á 0,8 km kafla. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)
- 931 **Upphéraðsvegur:**
01—02 Austurlandsvegur — Skeggjastaðir:
Fjárveiting var engin. Lán frá Landsvirkjun var 2,7 m. kr. Styrktir og endurbættir voru kaflarnir Setberg — Rauðilækur 2,5 km og Rauðilækur — Porleifarás 1,5 km. Samtals 4,0 km.
08 Hallormsstaður — Gunnlaugsstaðir:
Fjárveiting var 2,4 m. kr. Byggður var 0,9 km langur kafli milli Gunnlaugsstaða og Mjóaness. Eftir er frágangur og lagning slitlags.
- 937 **Skriðdalsvegur:**
Fjárveiting var 1,6 m. kr. Unnið var að styrkingu og endurbótum á 12 km löngum kafla frá Hvammi að Mýrum.
- 964 **Breiðdalsvegur:**
Fjárveiting var 0,7 m. kr. Byggður var og styrktur 1,7 km langur kafli um Fagradalsháls.
- 982 **Flugvallarvegur Hornafirði:**
Fjárveiting var engin. Vinnulán skv. 2.3.0.2. 0,65 m. kr. Undirbyggður 0,7 km langur kafli frá Austurlandsvegi að Flugstöð.

VEGIR Í JAÐARBYGGÐUM.

612. **Örlygshafnarvegur:**
03 Um Örlygshöfn:
Fjárveiting var 1,0 m. kr. Lagður var 1,0 km langur kafli á milli Kattardals og Hnjóts.
- 635 **Snæfjallastrandarvegur.**
04 Utan Kaldalóns:
Fjárveiting var 3,7 m. kr. Endurbyggður var 1,8 km langur kafli innan Bæja og 1,3 km langur kafli innan við Kaldalón í framhaldi af kafla frá 1982.

- 745 **Skagavegur:**
02—04 Örlygsstaðir — sýslumörk:
Fjárveiting var 2,5 m. kr. Byggður var upp 4,1 langur kafli frá Digramúla að Víkum. Frágangi og byggingu er að öllu lokið, þó vantar 720 m upp á að tekist hafi að ljúka öllum kaflanum.
- 94 **Borgarfjarðarvegur:**
03 Eiðar — Steinvaðsvegur:
Fjárveiting var 2,3 m. kr. Framkvæmdum innan Hleinargarðs frestað en unnið að styrkingu og endurbótum á tveimur köflum á Vatnsskarði. Á háskarðinu 0,5 km og í Sprengibrekku 0,4 km. Samtals 0,9 km.
- 923 **Jökuldalsvegur:**
03 Búðará — Brú:
Fjárveiting var 2,3 m. kr. Byggður var 1,8 km langur kafli um Eiríksstaði.
- 924 **Jökuldalsvegur eystri:**
01 Refshöfði — Skeggjastaðir:
Fjárveiting var engin. Vinnulán 0,8 m. kr. skv. 2.3.0.2. Undirbyggður 2,2 km kafli milli Refshöfða og Garðár. Verkið unnið af verktakafyrirtækinu Steypusalan h. f. Neskaupstað.

Fskj. 2.4.1.—1.

BRÝR 10 M OG LENGRI
GREINARGERÐ UM FRAMKVÆMDIR.

Laxá í Leirársveit (1):

Byggð var 23 m forspennt bitabré í einu hafi. Kemur hún í stað lélegrar bogabráar frá 1930.
Tengingu brúarinnar var frestað til 1984.
Fjárveiting var 5,9 m. kr.

Leirá í Leirársveit (1):

Byggður var 7 m steypur bogi undir hárrí fyllingu.
Fjárveiting var 2,8 m. kr.

Sanddalsá (1):

Byggð var 24 m forspennt bitabré í einu hafi. Kemur hún í stað lélegrar bogabráar frá 1928. Sökkklar brúarinnar voru byggðir 1982.
Fjárveitingar voru 0,8 m. kr. 1982 og 3,3 m. kr. á þessu ári.

Ormsá hjá Brú (68):

Byggð var 11 m plötubré í einu hafi. Kemur hún í stað lélegrar bogabráar frá 1929.
Fjárveiting var 3,2 m. kr.

Auðólfstaðaá (1):

Byggð var 8 m plötubré í nýrri veglínu. Tengingu brúarinnar var frestað til 1984.
Fjárveiting var 2,2 m. kr.

Bægisá (1):

Byggður var 5 m steypur bogi undir hárrí fyllingu.
Fjárveiting var 2,2 m. kr.

Tinnudalsá (1):

Byggð var 60 m stálbitabrú með steypu gólfi í tengslum við nýja veglínu.
Fjárveiting var 7,0 m. kr.

Fitjá í Víðidal (714):

Steypur var sökkull undir nýja brú, sem ljúka á 1984.
Fjárveiting var 0,5 m. kr.

Krossá á Berufjarðarströnd (1):

Byggðir voru sökklar og stöpull undir nýja brú, sem ljúka á 1984.
Fjárveiting var 1,0 m. kr.

Fskj. 2.5.1.—1.

AÐALFJALLVEGIR.
GREINARGERÐ UM FRAMKVÆMDIR.

F 22 Fjallabaksleið nyrðri:

Fjárveiting var 400 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F 28 Sprengisandsleið:

Fjárveiting var 400 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F 35 Kaldadalsleið:

Fjárveiting var 200 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F 37 Kjalvegur:

Fjárveiting var 530 þús. kr. Auk venjulegs viðhalds var byggður langur kafli um Bláfellsháls, en megináhersla var lögð á framkvæmdir á syðri hluta leiðarinnar, þar sem miklar endurbætur voru gerðar á norðurhluta leiðarinnar vegna Blönduvirkjunar.

F 78 Skagafjarðarleið:

Fjárveiting var 200 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F 82 Eyjafjarðarleið:

Fjárveiting var 350 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F 92 Gæsavatnsleið:

Fjárveiting var 120 þús. kr. og var henni varið til almenns viðhalds á leiðinni.